



Hreppsnefnd Rangárbæings ytra

Fundargerð

56. fundur hreppsnefndar Rangárbæings ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, föstudaginn 10. janúar 2014, kl. 13.00.

Mættir: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfí Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Steindór Tómasson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varamaður Magnúsar H. Jóhannssonar. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stórnaði honum

Sveitarstjóri og oddviti fóru munnlega yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Á hátíðarfundi Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands 9. janúar sl. afhenti, hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands leikskólanum Heklukoti á Hellu menntaverðlaun Suðurlands.

Sveitarstjórn óskar leikskólustjóra og starfsmönnum leikskólans til hamingju með verðlaunin og þakkar það góða og metnaðarfulla starf sem fram fer í Leikskólanum Heklukoti.

1. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar.

1.1. 65. fundur skipulagsnefndar Rangárbæings ytra, 8.01.14, í 12 liðum.

1 401005 - Austvaðsholt, landskipti

Jón Gunnar Benediktsson og Helgi Benediktsson hafa óskað eftir umsögn sveitastjórnar um landskipti úr jörð þeirra. Stofnuð verður lóðin Austvaðsholt 1, lóð 1 með landnúmerinu 222005 og verður hún 3.770 m² að stærð. Tiltekin lóð verður í eigu Jóns Gunnars eftir skiptin.

Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við landskipti

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefnda

1.2 1306054 - Lunansholt 2, breytingar á aðalskipulagi Rangárbæings ytra 2010/2022.

Rangárbæing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á aðalskipulagi vegna breytinga á landnotkun í landi Lunansholts 2. Tillagan hefur verið auglýst og bærust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að tillagan verði afgreidd skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.3 1305023 - Haukadalur 219699, vatnsból sett inná skipulag.

Torfi Kristjánsson fyrir hönd landeigenda óskar eftir því að vatnsból verði sett inná aðalskipulag. Starfsleyfi hefur verið veitt á vatnsveituna og fyrirhugað er að eigandi Svínhaga muni nýta sér hana. Varðandi reglur um grannsvæði vatnsbóla hefur borist athugasemd frá landeiganda sem á land rétt ofan við borholuna. Ekki liggja fyrir skipulagsáform af hans hálfu á þeim hluta landsins.

Skipulagsnefnd samþykkir að þar sem um verulega stækkun á vatnsveitu er að ræða, að gerð verði lýsing á skipulagsverkefninu sem lögð verði fyrir sveitastjórn og farið verði um málsmeðferð skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skilyrt er að

stækkun á veitunni skerði ekki nýtingarrétt annarra aðila sem fyrir eru á svæðinu, án þeirra samþykkis og þeim verði kynnt áformin bréflaga. Jafnframt verði mengunarvörnum gerð góð skil í texta lýsingarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.4 1310052 - Hagi lóð, landnr. 165261, deiliskipulag

Ingimundur Gislason hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja lóð sína, landnr. 165216 úr landi Haga við Gíslholtsvatn. Lóðin er 1,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir að skipta henni í 3 parta þar sem heimilt yrði að byggja sumarbústað á hverri lóð. Óskað hefur verið eftir undanþágu vegna fjarlægða frá vatni.

Umsögn Umhverfis- og auðlindaráðuneytis hefur ekki borist. Skipulagsnefnd samþykkir fyrirleggjandi tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar jákvæð umsögn Umhverfis- og auðlindaráðuneytis liggur fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.5 1311031 - Rangárþing ytra, breytingar á aðalskipulagi fyrir Hallstún, og Rangárflátir

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun þriggja svæða í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breyting á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði í Melbæ úr landi Hallstúns, breyting á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á spildu úr landi Hallstúns, norðan Ölversholtsvegur og færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangárflátir á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs.

Lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og rann út frestur til ábendinga þann 3. janúar 2014. Engar ábendingar bárust. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd leggur til að breyting á aðalskipulagi vegna frístundasvæðis fyrir Jónskot úr landi Kots verði tekin sérstaklega til meðferðar. Sameiginleg lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og telur skipulagsnefnd að búið sé að uppfylla ákvæði 30. gr. skipulagslaga um lýsingu fyrir öll verkefni.

Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. hefur farið fram þar sem kynntar voru áætlanir Hallstúns og Rangárflata annars vegar og Kots hins vegar.

Skipulagsnefnd samþykkir því fyrirleggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.6 1308026 - Galtalækur 2, br. á aðalskipulagi fiskeldi

Sveitastjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að gera breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010/2022 hvað varðar landnotkun þar sem landbúnaðarsvæði er breytt í iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi. Tillagan var send til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun og hafa gögn verið lagfærð m.t.t. ábendinga sem bárust frá þeim. Tillagan var auglýst frá 21.11.2013 til og með 2.1.2014 og bárust engar athugasemdir í auglýsingaferlinu. Athugasemdir bárust frá Umhverfisstofnun um hvernig stuðlað verði að vörnum gagnvart blöndun eldisfisks og villtra fiskistofna í nágrenninu og hefur því verið svarað.

Skipulagsnefnd telur að sérhæfðar mengunarvarnir einstakra svæða eigi ekki beint heima í aðalskipulagi, heldur verði þeim gerð skil í greinargerð og skilmálum deiliskipulags fyrir svæðið. Deiliskipulagið er í vinnslu og hefur verið unnið samhliða breytingunni á aðalskipulaginu.

Mengunarvörnum hefur þó verið gerð skil í greinargerð aðalskipulagstillögunnar og telur skipulagsnefnd að þar með sé komið til móts við framkomnar athugasemdir.

Skipulagsnefndin samþykkir því fyrirleggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.7 1306058 - Galtalækur 2, Fiskeldi 214057, deiliskipulag

Stefanía Karlsdóttir fyrir hönd Íslenskrar matorku hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja svæði undir fiskeldi í landi Galtalækjar.

Tillagan var auglýst frá 21.11.2013 til og með 2.1.2014 og bárust athugasemdir frá heilbrigðiseftirliti Suðurlands þar sem farið

var fram á nánari útfærslu á tilhögun skipulagsins. Svar hefur verið sent til þeirra þar sem nánari skýringar hafa verið settar fram. Ekki bærust fleiri athugasemdir.

Skipulagsnefnd telur að tillagan hafi verið uppfærð m.t.t. framkominna athugasemda. Öllum mengunarvörnum hefur verið gerð góð skil í greinargerð deiliskipulagsins.

Skipulagsnefnd samþykkir því tillöguna og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða afgreiðslu á breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.8 1311030 - Hólavangur, Umsókn um óskipulagða lóð

Andri Leó Egilsson óskar eftir að fá að byggja raðhús á opnu svæði við Hólavang, vestanmegin. Lóðin hefur ekki verið stofnuð. Áform eru um byggingu tveggja íbúða parhús á einni hæð á lóðinni.

Skipulagsnefnd leggur til að umrætt svæði verði tekið undir lóð fyrir parhús á einni hæð. Nefndin leggur því til að lóðin verði auglýst til byggingar skv. lóðaúthlutunarreglum sveitarfélagsins að undangenginni grenndarkynningu skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning skal send til íbúa Hólavangs ásamt eigendum lóða vestan Hólavangs.

Sveitarstjórn staðfestir að fram fari grenndarkynning sem yrði undanfari deiliskipulags fyrir umrædda lóð.

1.9 1309029 - Minnkun vatnsverndarsvæðis við Keldur á Rangárvöllum.

Vegna óska landeigenda að Keldum hefur verið rannsakað áhrifasvæði vatnsverndarsvæðis. Fyrir liggur skýrsla frá ÍSOR sem unnin var að beiðni sveitastjórnar Rangárþings ytra fyrir hönd Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Stjórn vatnsveitunnar tók erindið til skoðunar á fundi sínum þann 13. nóvember 2012 þar sem samþykkt var að beina því til sveitastjórnar Rangárþings ytra að gera breytingar á aðalskipulagi í samræmi við tillögu ÍSOR. Lýsing var gerð og hefur verið kynnt skv. 30. gr. skipulagslaga. Lýsingin var einnig kynnt nærliggjandi sveitarfélagi, Rangárþingi eystra, og voru ekki gerðar neinar athugasemdir við lýsinguna. Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga hefur farið fram.

Skipulagsnefnd samþykkir því tillöguna og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.10 1401006 - Kot, Jónskot, breyting á aðalskipulagi

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun þriggja svæða í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breyting á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði fyrir Jónskot úr landi Kots, einnig í Melbæ úr landi Hallstúns, breyting á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á spildu úr landi Hallstúns, norðan Ölversholtsvegur og færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangárflatar á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs. Lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og rann út frestur til ábendinga þann 3. janúar 2014. Engar ábendingar bærust. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd leggur til að breyting á aðalskipulagi vegna frístundasvæðis fyrir Jónskot úr landi Kots verði tekin sérstaklega til meðferðar. Sameiginleg lýsing hefur verið kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og telur skipulagsnefnd að búið sé að uppfylla ákvæði 30. gr. skipulagslaga um lýsingu fyrir öll verkefni.

Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. hefur farið fram þar sem kynntar voru áætlanir Hallstúns og Rangárflata annars vegar og Kots hins vegar.

Skipulagsnefnd samþykkir því fyrirliggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

1.11 1212031 - Fjallabak, skipulag miðhálandisins

Tillaga að rammaskipulagi fyrir suðurhálandið lögð fram að lokinni auglýsingu. Farið yfir athugasemdir sem borist hafa. Athugasemdir komu frá sveitastjórn vegna marka hverfisverndar og að mörk sveitarfélaganna væru rétt á uppdráttum. Mörk

hverfisverndar hafa verið lagfærð og sett skv. þjóðlendlínu innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra og eystra. Sveitarfélagamörk eru eingöngu sett inn til skýringar og eru skv. samþykktu aðalskipulagi Rangárþings ytra.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að rammaskipulagi fyrir Suðurlandshálendið með þeim breytingum að skipulagssvæðið verði látið fylgja þjóðlendlínu. Bætt verði inn reit fyrir fjallasel sem verði settur við Grashaga. Jafnframt verði fyrirhugað skálasvæði við Hafrafell fært inn fyrir þjóðlendlínu norðan Hafrafells og fjallasel við Foss fellt út. Að samþykktum þessum breytingum leggur skipulagsnefnd til að gerðar verði þær breytingar sem þarf á aðalskipulagi Rangárþings ytra sem fram eru lagðar í rammaskipulaginu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar með sex atkvæðum, einn á móti(MÝS)

Bókun:

Undirrituð telur að samþykktin feli í sér miklar breytingar á rammaskipulaginu og að eðleigt hefði verið að skoða þetta fyrr í ferlinu. Það að bæta við skálasvæðum í kjölfar þess að beiðni hefur borist um slíkt frá einkaaðilum getur verið fordæmisgefandi. Nauðsynlegt er að móta skýra stefnu um það hvar á afreittum sveitarfélagsins verður leyft að byggja í framtíðinni og í hvaða tilgangi.

Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir

1.12 1312005 - Grashagi, fyrirspurn um byggingarleyfi

Fitjamenn óska eftir leyfi til byggingar á skála í Grashaga við Ljósártungur. Erindið var tekið fyrir á fundi Samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar þar sem ekki var unnt að veita jákvæða umsögn vegna þess að hugmyndin samræmdist ekki þeim áformum sem getið er um í rammaskipulagi Suðurlandshálendis. Erindið var einnig rætt á fundi með fulltrúum Rangárþings ytra í stýrihópnum fyrir rammaskipulag Suðurlandshálendisins, þar sem sama afstaða var tekin.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en frestar afgreiðslu þar til rammaskipulag fyrir Suðurlandshálendið hefur verið afgreitt.

Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til þessa erindis á þessu stigi þar sem ljúka þarf afgreiðslu rammaskipulags, breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags áður en mögulegar byggingalóðir verða til.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:

2.1. 28. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps 27.12.13, í þremur liðum.

Til kynningar

2.2 Aðalfundur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps 27.12.13, í fimm liðum.

Til kynningar

2.3 Ársreikningur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Til kynningar

2.4 Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps 2014

Til kynningar

2.5 Fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2014.

Til kynningar

2.6 Glætur aðalfundar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps 2012.

Til kynningar

2.7 159 fundur skólaskrifstofu Suðurlands, 19.12.13 í einum lið.

Til kynningar

2.8 232. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 11.12.13 í 10 liðum.

Til kynningar

2.9 24. stjórnarfundur Hjúkrunar-og dvalarheimilsins Lundar, 12.12.13 í sex liðum.

Til kynningar

2.10 475. fundur stjórnar SASS, 16.12.13, í 12 liðum.

Til kynningar

2.11 Umhverfisstofnun fundargerð stöðuskýrslu vatnsverndarsvæðis 3, 19.12.13, í 12 liðum.

Til kynningar

2.12 811. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 13.12.13, í 33 liðum.

Til kynningar

2.13 Hluthafafundur Háskólafélags Suðurlands ehf., 30.12.13, í fimm liðum.

Til kynningar

2.14 Stjórnarfundur Byggingar- og skipulagsembættis Rangárþings bs. 27.12.13, lokauppgjör og slit á embættinu.

Til kynningar

2.15 15. stjórnarfundur Samtaka orkusveitarfélaga, 9.12.13, í sjö liðum.

Til kynningar

3. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

3.1 Veraldarvinir 05.01.14, ósk um samstarf.

Samþykkt að vísa erindinu til atvinnu- og menningarnefndar og samgöngu-hálendis- og umhverfisnefndar til umsagnar. Erindið verði sett á heimasíðu sveitarfélagsins ef einkaaðilar vildu nýta sér samstarf við Veraldarvini.

3.2 Samband íslenskra sveitarfélaga, 8.1.14. Málstofa um "Hlutverk tónlistarskóla í skóla framtíðarinnar".

Til kynningar.

4. Annað efni til kynningar:

4.1 Hinn árlegi Suðurlandsskjálfti 16.12.13, kynningarbréf.

4.1.1 Hinn árlegi Suðurlandsskjálfti, glærur.

4.2 Menntalestin á Suðurlandi, 16.12.13

4.3 Umhverfisstofnun stöðuskýrsla um vatnasvæði Íslands, 6.12.13.

4.4 Umhverfisstofnun 27.12.13, Breytingar á tillögu að mörkum stækkaðs friðlands í Þjórsárverum.

4.5 Vaskur á Bakka, 4.12.13, minkaveiðar.

Sveitarstjóra falið að boða Reyni Bergsveinsson á fund með forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar, skipulags- og byggingafulltrúa, formönnum veiðifélaga Rangáanna og formanni héraðsnefndar Rangæinga til að ræða þessi mál í samræmi við umræður á fundinum.

4.6 Bréf frá Lex lögmannsstofu til Lánasjóðs sveitarfélaga fh. Rangárþings ytra 20.12.13, krafa um að staða láns samkv. lánsamningi nr. 16/2008 verði endurreiknuð.

Til kynningar

4.7 Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. svarbréf til Lex lögmannsstofu fh. Rangárþings ytra, 03.01.14.

Til kynningar

4.8 Rangárbakkar 4, 7.01.14, skil á lóð.

Samþykkt að auglýsa lóðina Rangárbakkar 4 til leigu á ný.

5. Orkuveita Landssveitar 22.12.13, beiðni um afsal á dæluhúsi.

Samþykkt að fela sveitarstjóra og Guðfinnu Þorvaldsdóttur að ræða við oddvita Ásahrepps um erindið vegna sameiginlegs eignarhalds á dæluhúsinu. Þá er sveitarstjóra jafnframt falið að ganga frá afsali á dæluhúsinu til Orkuveitu Landsveitar í samræði við oddvita Ásahrepps ef samstaða er um málið.

6. Bókun svara við spurningum Á lista frá 55. fundi.

Fulltrúar Á -lista óska eftir að eftirfarandi verði sett á dagskrá hreppsnefndar 13. desember 2013:

1. Staða mála.

Óskað er eftir því að sveitarstjóri skili skriflegum svörum við eftirfarandi fyrirspurnum Á-lista á fund sveitarstjórnar þann 13. desember 2013 og geri einnig grein fyrir þeim munnlega á fundinum.

1. Hugmyndagáttin. Með hvaða hætti er sveitarstjóri að fylgja eftir þeim fjölmörgu athugasemdum og hugmyndum sem hafa komið í gegnum hugmyndagáttina? Skriflegt yfirlit óskast frá sveitarstjóra sem miðast við þann skráningarlista af hugmyndagáttinni sem síðast var lagður fram.

Svar: *Það sem kemur á hugmyndagáttina er lagt fyrir hreppsráð og verður það gert á næsta fundi hreppsráðs, einnig er þeim ábendingum sem koma fram beint til forstöðumanna eftir því sem við á.*

2. Þúttvöllur á Hellu sem sveitarstjórn tók vel í. Hver er staðan á þeim málum?

Svar: *Þetta hefur ekki fengið úrlausn, en rætt hefur verið við Ólaf Stolzenwald í sumar hvar hann teldi rétt að setja niður þúttvöll. Í þetta vantar fjármagn og mögulegt er að skoða þetta í tengslum við vinnu að fjölskyldugarði.*

3. Söguritun - Byggðasaga Hellu. Er búið að ganga frá skriflegum samningi við söguritara um lok verkefnis? Hver er staða verksins og hvenær er áætlað að verkið verði tilbúið til prófarkarlesturs? Hver er heildarupphæð sem sveitarfélagið hefur greitt söguritara vegna vinnu til 1. desember 2013?

Svar: *búið er að undirrita samning við Ingibjörgu Ólafsdóttur söguritara sjá meðfl. gögn. Gert er ráð fyrir að útgáfa bókarinnar verði á árinu 2014 samkvæmt fjárhagsáætlun 2014. Greitt hefur verið fyrir söguritun frá árinu 2008 kr. um 32. mkr.*

4. Nágrannagæsla VÍS. Hver er staða vegna uppsetningar á skiltum í þéttbýlinu?

Svar: *Það var búið að vinna tölvvert í þessu máli fyrir á árinu og settar fram tillögur um staðsetningu skilta bæði við Þjóðveg 1 og helstu íbúðagötur á Hellu. Vegagerðin samþykkti ekki framsetta tillögu um staðsetningu við Þjóðveg og því þarf að endurskoða fyrri tillögu. Um sama leyti var ákveðið að fara í útboð á tryggingum sveitarfélagsins og við þá ákvörðun dofnaði áhugi Vís á verkefninu og því var ákveðið að biða með frekari útfærslur þar til séð yrði hvaða tryggingafélag færi með tryggingar sveitarfélagsins næstu árin. Stefnt er að því að verkefninu ljúki á nýju ári.*

5. Leikvellir í þéttbýlinu. Hver er staða á uppsetninu nýrra leiktækja sem sveitarstjórn samþykkti og stendur til að fara í lagfæringar á eldri leiksvæðum?

Svar: *Öll tæki sem ákveðið var að kaupa eru komin á lóð Þjónustumiðstöðvar og biða uppsetningar. Tækin voru valin með það í huga að þau yrðu sett upp á einum stað og að þau þjónuðu sem best breiðum aldurshópi barna. Þegar kom að því að ganga frá tækjunum voru starfsmenn Þjónustumiðstöðvar beðnir að doka við, því ekki væri samstaða um hvar þeim yrði valin staður innan Þéttbýlisins á Hellu.*

6. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Var erindi bréfitara svarað og hver er staða málsins?

Svar: *Erindið var tekið fyrir 1. nóv 2012 og er enn í vinnslu.*

7. Hver er staðan á tilboðum í váttryggingar sveitarfélagsins og uppfærslu á virði eigna?

Svar: *Staða á tilboðum í váttryggingar sveitarfélagsins:*

Tilboð voru opnuð 28. Nóvember s.l.

Þrjú tilboða bárust :

1. Tryggingamiðstöðin kr.	5.519.552
2. Sjóvá	- 5.936.539
3. VÍS	- 4.899.213

Engar athugasemdir komu fram við opnun tilboða, en eftir er að fara yfir tilboðin af hálfu sveitarfélagsins áður en gengið verður til samninga

8. Hefur boð um aðalfund í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. þann 19.12.2013 verið sent kjörnum fulltrúum og varafulltrúum?

Svar: *Það hefur verið gert.*

9. Óskað er eftir að stjórnarformaður Lundar sem er jafnframt sveitarstjóri skili upplýsingum um stöðu mála vegna nýbyggingar við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lund? Er fjármögnun lokið? Ef ekki, hvernig standa þau mál? Hefur verið skrifað undir verksamning við lægstbjóðanda í verkið? Ef ekki, er þá búið að semja um frest við lægstbjóðanda?

Svar: *Beðið er eftir samningsdrögum frá Velferðarráðuneytinu og Framkvæmdasýslu ríkisins, nýjustu fréttir eru að það geti gerst í janúar. Fjármögnun er ekki lokið. ekki hefur verið skrifa undir verksamning við tilboðsgjafa. Verið er að fara ofan í öll tilboðin af THG og Leif Benediktssyni hjá Velferðarráðuneytinu. Engu tilboði hefur verið tekið né hafnað.*

10. Aðstaða til fjarnáms. Hver er staða þessara mála af hálfu sveitarstjóra?

Svar: *Ég fékk svar frá skólastjóra Grunnskólans á Hellu, þar er hægt að fá aðstöðu, en til þess þarf starfsmann og því fylgir kostnaður.*

7. Tillaga að álagningarprósentum, afsláttum og gjaldskrár fyrir árið 2014.
Breyttur texti vegna samþykktu Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps um gjaldskrá.

ÁLAGNINGARPRÓSENTUR, AFSLÆTTIR OG GJALDSKRÁR 2014

Gildir frá og með 1. janúar 2014

1. Útsvar; 14,52%.

2. Fasteignaskattur;

A - 0,39% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B - 1,32% af fasteignamati: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C - 1,60% af fasteignamati: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

3. **Lóðarleiga;** 0,85% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.

4. **Vatnsgjald;** skv. sérstakri gjaldskrá.

5. **Aukavatnsgjald** skv. sérstakri gjaldskrá.

6. **Tengigjöld** í Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

7. **Holræsagjald** á Hellu; 0,22% af fasteignamati húss og tilh. lóðar.

8. Gjöld fyrir tæmingu rotþróa eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

9. **Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld** skv. sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7, 1/8 og 1/9 2014. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 35.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi; 1/5 2014. Einnig gefst aðilum kostur á að greiða fasteignagjöldin í einu lagi og skal gjalddagi vera eigi síðar en 1/6 2014. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddagi.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.

10. **Hundaleyfisgjald** er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

11. **Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld** skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá. Gjalddagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.

Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. á töflu í afgreiðslu Rangárþings ytra og á heimasíðu.

Hellu, 10. janúar 2014.

Drífa Hjartardóttir,
sveitarstjóri.

Samþykkt samhljóða.

8. Tillaga um kynningarfund um skipulagsmál og um íbúafund um fjárhagsáætlun 2014 - 2017 og önnur málefni sveitarfélagsins.

Samþykkt að Skipulagsnefnd Rangárþings ytra haldi íbúafund um skipulagsmál sveitarfélagsins 29. janúar 2014. Fundurinn verði haldinn í íþróttahúsinu á Hellu kl. 20.00

Skipulags- og byggingafulltrúa falið að undirbúa fundinn.

Samþykkt að halda íbúafund 27. febrúar, þar sem fjárhagsáætlun 2014-2017 verður kynnt, farið verði yfir stöðu helstu mála sem varða sveitarfélagið. Íbúafundur verði haldinn í íþróttahúsinu á Hellu kl. 20.00.

Sveitarstjóra falið að undirbúa fundinn.

9. Lögbylisumsókn, Víðibakki ásamt fylgiskjölum.
Páll Briem 8.01.14, umsókn um lögbylisrétt á lóð 55, Víðibakki úr landi Árbakka.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að heimild verði veitt til stofnunar lögbylis í samræmi við framlögð gögn um uppbyggingaráform umsækjanda.

Samþykkt samhljóða.

10. Erindi frá ábúendum að Vöðlum, Snjallsteinshöfða 1, Fagurhól og Grásteini 8.01.14, athugasemdir við að minkabú verði starfrækt á ný í landi Snjallsteinshöfða.

Skipulags- og byggingafulltrúa falið að fara yfir hvort farið er að reglum samkvæmt gildandi skipulagi og gera tillögu að svari við framangreindu erindi til sveitarstjórnar.

11. Starfsmannamál.

Fundinum er lokað kl. 15.45

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundur opnaður á ný kl. 16.30

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16.40



Hreppsnefnd Rangárbæingis ytra

Fundargerð

57. fundur hreppsnefndar Rangárbæingis ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Helli, föstudaginn 7. febrúar 2014 kl. 13.00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð.

Guðfinna Þorvaldsdóttir vék af fundi kl. 14.00 og Gunnar Aron Ólason tók sæti hennar sem varamaður.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri og oddviti; stutt yfirlit yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Dagskrárbreyting samþykkt. Erindi frá þorablótsnefnd Holtamanna verður liður 8.13.

Þriðja febrúar sl. var leikskólanum á Laugalandi veitt ART vottun sem ART leikskóli og er hann sá fyrsti á landinu sem fær þessa vottun.

Sveitarstjórn óskar leikskólastjóra og starfsmönnum leikskólans til hamingju með Art vottunina og þakkar það góða og metnaðarfulla starf sem fram fer í leikskólanum á Laugalandi.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 40. fundur hreppsráðs Rangárbæingis ytra, 23.01.14, í níu liðum.

Fundargerðin er staðfest.

Bókun Á-lista: Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum 9. júní 2011 að senda erindi til innanríkisráðuneytis sem er nú svarað rúmum tveimur árum síðar án þess að efnisleg niðurstaða sé ljós. Niðurstaðan vekur upp spurningar um málshraða og leiðbeiningarskyldu ráðuneytisins sbr. ákvæði í stjórnsýslulögum.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

2. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 20. fundur fræðslunefndar Rangárbæingis ytra og Ásahrepps, 22.01.14, í átta liðum.

Fundargerðin er staðfest.

2.2 66. fundur í skipulagsnefnd Rangárbæingis ytra, 03.02.14, í 12 liðum.

2.2.1 1311030 - Hólavangur, Umsókn um óskipulagða lóð

Grenndarkynning vegna áforma um stofnun lóðar við Hólavang.

Skipulagsnefnd leggur til að áform um nýtingu opins svæðis við Hólavang verði dregin til baka og felur skipulagsfulltrúa að senda bréf á sömu aðila og voru send gögn vegna grenndarkynningar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.2 1303015 - Lunansholt 2, land 3, 4 og 5, Deiliskipulag

Stefán Þ. Ingólfsson, eigandi lands nr. 3 og Sævar Kristinsson, fyrir hönd Fjólu Pálsdóttur og Jóhönnu H.

Oddsóttur, eigenda landa nr. 4 og 5 í landi Lunansholts 2, hafa fengið heimild til deiliskipulagsgerðar.

Deiliskipulagið tekur til 85,8 ha lands og verða tvö svæði skilgreind sem frístundasvæði samtals um 13 ha. Restin verður áfram í landbúnaðarnotum. Samhliða auglýsingu á tillögnum var auglýst breyting á aðalskipulagi. Tillagan

var auglýst frá 10.10.2013 til 22.11.2013 og bárust engar athugasemdir. Tiltekin breyting á aðalskipulaginu hefur verið afgreidd til birtingar í B-deild.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

2.2.3. 1309025 - Vatnshólar, deiliskipulag

Steinsholt fyrir hönd sumarbústaðafélags Vatnshóla hefur fengið heimild til að gera breytingar á deiliskipulagi fyrir frístundasvæðið Vatnshóla úr landi Árbæjarhellis. Núgildandi deiliskipulag er síðan 1994. Athugasemd hefur borist frá landeiganda innan svæðis þar sem gerðar eru athugasemdir við girðingarmál og lóðastærðir innan spildu hans. Skipulagsnefnd samþykkti á fundi 3.12.2013 að tillagan yrði send Skipulagsstofnun til endanlegrar afgreiðslu.

Skipulagsnefnd telur að einstakir landeigendur innan sumarrúsafélags verði að eiga sín mál við félagið þegar um ágreining er að ræða varðandi skipulagsmál fyrir svæðið í heild. Í ljósi þess að fyrirbyggjandi tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi er lögð fram í nafni sumarrúsafélagsins á svæðinu, skv. ákvörðun félagsins á aðalfundi, ítrekar skipulagsnefndin fyrri afgreiðslu sína og leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

2.2.4 1310003 - Smávirkjun við Laufafell

Neyðarlínan ohf hefur fengið heimild til skipulagsgerðar við Laufafell vegna byggingar á vatnsaflsvirkjun til reksturs fjarskiptastöðvar þeirra við Laufafell. Lýsingin hefur verið kynnt skv. skipulagslögum og meðfylgjandi tillaga að deiliskipulagi tekur mið af þeim.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

2.2.5. 1311043 - Rangárþing eystra, beiðni um umsögn vegna aðalskipulags.

Skipulagsfulltrúi Rangárþings eystra óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna tillögu að aðalskipulagi fyrir Rangárþing eystra 2012-2024. Skipulagsnefnd veitti umsögn um lýsingu á fundi 2. desember sl. án athugasemda. Um er að ræða breytta landnotkun við Skóga (Fossbúð) þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir verður breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Lagt fram til kynningar.

2.2.6 1401014 - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Skipulagsfulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps óskar eftir umsögn um fyrirbyggjandi lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Um er að ræða breytingu vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi lýsingu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

2.2.7 1311015 - Selás deiliskipulag íbúðabyggðar

Jón Ágúst Reynisson hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja land sitt undir íbúðabyggð. Ekki varð af gildistöku deiliskipulagstillögunnar sem unnið var að á árinu 2010 og þarf því að endurauglýsa tillöguna. Tillagan var auglýst frá 19.12.2013 til og með 31.1.2014 og bárust engar athugasemdir. Samhliða var kallað eftir umsögnum lögbundinna umsagnaraðila.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til afgreiðslu Skipulagsstofnunar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.8 1401023 - Haga v/Selfjall 1, breyting á deiliskipulagi

Rannveig Björg Jónsdóttir eigandi lóðar nr. 1 í landi Haga v/Selfjall óskar eftir að gerð verði breyting á deiliskipulagi í landi Haga v/Selfjall úr fristundasvæði í landbúnaðarnotkun.

Skipulagsnefnd telur að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi vegna áforma um breytingu á landnotkun. Núverandi lóð er á skilgreindu fristundasvæði skv. aðalskipulagi.

Umsækjanda er veitt heimild til að leggja fram tillögu að breytingu á fyrirbyggjandi deiliskipulagi fyrir lóð sína.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

2.2.9 1401024 - Þjóðólfshagi 21 og 25, umsókn um breytingar á deiliskipulagi

Ágúst Rúnarsson eigandi lóða nr. 21 og 25 í landi Þjóðólfshaga óskar eftir því að deiliskipulagi verði breytt í landi Þjóðólfshaga úr fristundasvæði í landbúnaðarsvæði. Umsækjandi áformar stofnun lögbýlis á lóð sinni.

Skipulagsnefnd telur að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi vegna áforma um breytingu á landnotkun. Núverandi lóðir eru á skilgreindu fristundasvæði skv. aðalskipulagi.

Umsækjanda er veitt heimild til að leggja fram tillögu að breytingu á fyrirbyggjandi deiliskipulagi fyrir lóðir sínar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.10 1401020 - Baugalda 12, byggingarleyfi fyrir einbýlishús

Gunnar Theódór Hannesson óskar eftir að byggja 230 m² einbýlishús á lóð sinni Baugalda 12. Lagðar eru fram hugmyndir hans að staðsetningu innan lóðarinnar þar sem fyrirhuguð bygging er sýnd út fyrir byggingarreit.

Skipulagsnefnd getur ekki fallist á hugmyndir umsækjanda um framlagða tillögu að staðsetningu þar sem hugmyndin samræmist ekki skilmálum svæðisins skv. gildandi deiliskipulagi. Skipulagsnefnd telur að fyrirhugað húsnæði skuli hannað þannig að það komist fyrir innan fyrirbyggjandi byggingareits eins og hann er sýndur skv. deiliskipulagi.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

2.2.11 1311025 - Þétting byggðar lausar lóðir

Skipulagsfulltrúi hefur tekið saman þær hugmyndir sem til eru um þéttingu byggðar innan þéttbýlis á Hellu.

Lagt fram til kynningar. Skipulagsnefnd telur að framkomnar hugmyndir um þéttingu byggðar á Hellu séu ekki áhugaverðar. Skipulagsnefndin hefur ekki áform um þéttingu byggðar og telur að leggja þurfi frekari áherslu á að koma þeim lóðum, sem þegar eru tilbúnar til úthlutunar, á framfæri.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

2.2.12 1401018 - Íbúafundur um skipulagsmál

Skipulagsnefnd hefur ákveðið að halda íbúafund um skipulagsmál. Farið verði yfir skipulagsmál innan sveitarfélagsins og framtíðarhorfur.

Lagt fram til kynningar.

3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:

3.1 11. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 20.01.14, í tveimur liðum.

Til kynningar.

3.2 476. fundur stjórnar SASS, 31.01.14, í 16 liðum.

Til kynningar

Guðfinna Þorvaldsdóttir vikur af fundi vegna brýnna erinda kl. 14.00 og Gunnar Aron Ólason tekur sæti á fundinum.

4. Tillaga að samþykkt um stjórn Rangárþings ytra til síðari umræðu.

Lögð fram tillaga að breytingum á greinum nr. 7 og 51 og verður texti þeirra þannig:

7. gr. "Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og tvo varaoddvita. Kjörtímabil þeirra er sama og sveitarstjórnar nema sveitarstjórnin ákveði annað." Annar texti greinarinnar verði óbreyttur.

51. gr. "Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og veitir þeim lausn frá störfum. Æðstu stjórnunarstöður eru forstöðumenn starfssviða og forstöðumenn stofnana í samræmi við skipurit sem í gildi er og samþykkt af sveitarstjórn á hverjum tíma." Annar texti greinarinnar verði óbreyttur.

Framangreindar breytingatillögur samþykktar samhljóða.

Tillaga að "Samþykkt um stjórn Rangárþings ytra" samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

5. Tillaga að fundaráætlun fyrir sveitarstjórn Rangárþings ytra 2014.

Lagt er til að reglulegir fundir sveitarstjórnar á árinu 2014 verði að jafnaði annan fimmtudag í hverjum mánuði og hefjist kl. 15.00. Lagt er til að reglulegir fundir bygðarráðs á árinu 2014 verði að jafnaði fjórða fimmtudag í hverjum mánuði og hefjist kl. 09.00. Sveitarstjórn getur breytt þessari samþykkt á árinu með nýrri ákvörðun sbr. ákvæði 8. gr. samþykktar um stjórn Rangárþings ytra.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti.

Samþykkt samhljóða.

6. Kauptilboð í landspildur:

6.1 tilboð í landspildu Háþær 2, Rangárþingi ytra 1 ha. Tilboðið er frá P. Kúld ehf.

Kauptilboðinu er hafnað samhljóða.

6.2 tilboð í landspildu úr landi Merkihvols, Rangárþingi ytra 210 ha. Tilboðið er frá Bergi Sveinbjörnssyni.

Kauptilboðinu er hafnað samhljóða.

7. Erindi til sveitarstjórnar

7.1 Erindi - 27.01.14 - Páll G. Björnsson- lausaganga hunda á Hellu.

Erindinu vísað til forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar.

Samþykkt samhljóða.

7.2 Erindi - 01.02.14 - Margrét Eggertsdóttir - sorphirða og vatnsgjald.

Erindinu vísað til sveitarstjóra og forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar til athugunar og skilað verði greinargerð til sveitarstjórnar fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

8. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

8.1 Golfklúbburinn á Hellu, 30.01.14, beiðni um niðurfellingu á fasteignaskatti atvinnuhúsnæðis, þar sem húsnæðið er íþróttamannvirki.

Golfklúbbnum á Hellu er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2014 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s. leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, veitinga- eða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram á að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur 1. september 2014 að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslu styrks er að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalda og tengdra gjalda.

Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (ST).

8.2 Oddasókn, 31.01.14, beiðni um styrk á móti álögðum fasteignaskatti á safnaðarheimili Oddasóknar að Dynskálum 8, Hellu.

Oddasókn er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2014 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s. leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, veitinga- eða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram á að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur 1. september 2014 að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslustyrks er að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalda og tengdra gjalda.

Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (ST).

8.3 Innanríkisráðuneytið - Samband íslenskra sveitarfélaga, 27.01.14. Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar

Lagt er til að Rangárþing ytra sækir um að vera þátttakandi í tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar.

Samþykkt samhljóða.

8.4 SAMAN-hópurinn, 24.01.14, beiðni umfjárstuðning við forvarnarstarf SAMAN-hópsins 2014.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að vera við erindinu.

Samþykkt samhljóða.

8.5 SAMAN-hópurinn, 30.01.14, beiðni um styrk til framleiðslu forvarnarmyndbands.

Sveitarstjórn Sveitarstjórn sér sér ekki fært að vera við erindinu.

Samþykkt samhljóða.

8.6 Skipulagsstofnun, 20.01.14, boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Lagt er til að Rangárþing ytra taki þátt í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015 - 2026. Fulltrúi Rangárþings ytra verði formaður skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

8.7 Landssamtök landeigenda á Íslandi (LLÍ), 31.01.14, aðalfundarboð.

Til kynningar

8.8 Samband íslenskra sveitarfélaga, 29.01.14, Upplýsinga- og umræðufundur um stöðuna á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga verður haldinn 14.02.14 í Reykjavík.

Til kynningar.

8.9 Erlingur Snær Loftsson, 03.02.14, beiðni um styrk til kaupa á SNAG Golf búnaði til kennslu á golfi fyrir börn og fullorðna.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að styrkja kaup á þessum búnaði og felur sveitarstjóra að hafa milligöngu um kaup á þjónustu í samráði við hagsmunaaðila.

Samþykkt samhljóða.

8.10 Þekking beislud - nýsköpun og frumkvæði, 30.01.14 - útgáfa á bók.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við þessari umsókn.

Samþykkt samhljóða.

8.11 Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, 20.01.14 - beiðni um framlag í formi hvatningar og styrks.

Erindinu vísað til skólastjórnenda grunnskóla sveitarfélagsins og fræðslunefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps. Samþykkt samhljóða.

8.12 Reggio children, 20.01.14- ráðstefna haldin í mars 2014.

Til kynningar.

8.13 Þorablótsnefnd Holtamanna 05.02.14, beiðni um styrk á móti húsaleigu á aðstöðunni á Laugalandi vegna þorablóts Holtamanna sem haldið verður 22. febr. nk.

Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samræmi við gildandi reglur.

Samþykkt samhljóða.

9. Annað efni til kynningar:

9.1 Samfylkingin, 27.01.14, Landssamband 60+ ályktar um útvistun á rekstri hjúkrunarheimila til einkaaðila.

9.2 Vinnueftirlitið, 31.01.13- framlenging á fresti til úrbóta vegna fyrirmæla Vinnueftirlits til 01.04.14.

Fundargerðin yfirfarin og undirrituð.

Fundi slitið kl. 16.45



Hreppsnefnd Rangárbæingis ytra

Fundargerð

58. fundur hreppsnefndar Rangárbæingis ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 13. mars 2014 kl. 15.00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri og oddviti; stutt yfirlit yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 41. fundur hreppsráðs Rangárbæingis ytra, 27.02.14, í tíu liðum.

Fundargerðin er staðfest.

2. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 67. fundur skipulagsnefndar Rangárbæingis ytra, 04.03.14, í sex liðum.

Afgreiðsla skipulagsmála

1. 1402056 - Lóð Olíudreifingar ehf - deiliskipulag

Olíudreifing óskar eftir að sveitarfélagið deiliskipuleggi svæði undir oliubirgðastöð félagsins þar sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið felldi úr gildi starfsleyfi félagsins vegna þess að ekki er í gildi deiliskipulag fyrir umrædda starfsemi.

Skipulagsfulltrúa falið að senda Olíudreifingu gildandi deiliskipulag.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

Heimild til skipulagsgerðar

2. 1402059 - Grashagi, ósk um deiliskipulag

Fitjamenn ehf óska eftir heimild sveitastjórnar til að fá að deiliskipuleggja svæði í Grashaga við Launfitjasand til uppbyggingar á skála fyrir ferðamenn.

Skipulagsnefndin samþykkir að veita heimild til deiliskipulagsgerðar og felur skipulagsfulltrúa jafnhliða að gera tillögu að breytingum á aðalskipulagi Rangárbæingis ytra 2010/2022

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3. 1401024 - Þjóðólshagi 21 og 25, umsókn um breytingar á deiliskipulagi

Ágúst Rúnarsson óskar eftir því að deiliskipulagi verði breytt í landi Þjóðólshaga úr fristundasvæði í landbúnaðarsvæði. Umsækjandi áformar stofnun lögbylis á lóð sinni ásamt flutningi á lögheimili þegar breytingin hefur átt sér stað. Lögð er fram lýsing á áætlunum.

Skipulagsnefnd frestar erindinu og fer fram á að kallað verði eftir samþykki annarra lóðarhafa innan gildandi deiliskipulagssvæðis.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

4. 1402066 - Meiri-Tunga 3, deiliskipulag

Ketill Gíslason óskar eftir heimild til að deiliskipuleggja svæði úr landi sínu, Meiri-Tungu 3. Deiliskipulagið tekur til nýrrar íbúðarhúsalóðar, þriggja lóða fyrir útihús og þriggja lóða fyrir frístundahús.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita heimild til deiliskipulagsgerðar og leggur til að fallið verði frá lýsingu þar sem skipulagsáætlun samræmist stefnu aðalskipulagsins. Skipulagsnefnd samþykkir jafnframt framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

5. 1403002 - Svínhagi SH-17, deiliskipulag

Drífa Kristjánsdóttir og Björn Þorgrímsson óska eftir heimild sveitastjórnar til að deiliskipuleggja land sitt úr landi Svínhaga merkt SH-17. Áform eru uppi um að byggja einbýlishús ásamt bílgeymslu, gestahúsum og véla- og tækjageymslu. Landið er 3,1 ha. að stærð.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita heimild til deiliskipulagsgerðar og leggur til að fallið verði frá lýsingu þar sem skipulagsáætlun samræmist stefnu aðalskipulagsins.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

Almenn mál

6. 1402055 - Orkufjarskipti, Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir ljósleiðaralögn

Orkufjarskipti, kt. 561000-3520, óskar eftir framkvæmdaleyfi til að leggja ljósleiðarastreng frá tengivirki vestan Rangár að símsstöð Mílu við Þrúðvang 10 á Hellu. Tilgangur með lögninni er að tryggja fjarskiptamál tengivirkisins.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi með þeim skilyrðum að frágangur lagnaleiðar verði með þeim hætti að umhverfi hljóti ekki skaða af. Verktaki skal einnig gerður ábyrgur fyrir því að ganga frá slitlagi á Þrúðvangi þannig að sár verði ekki varanleg. Einnig skal verktaki skila inn hnitsetningu á lagnaleiðinni.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2 Fundur í Fjallskilanevnd Holtamannafréttar, 03.03.14, í fjórum liðum.

Fundargerðin er staðfest að undanskildu niðurlagi þriðja liðar um veitingasölu.

2.3 29. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, 10.03.14 í þremur liðum.

Fundargerðin er staðfest.

3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórnar til kynningar:

3.1 12. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 24.02.14 í tveimur liðum.

3.2 233. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., 27.02.14, í tveimur liðum.

3.3 813. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28.02.14, í 33 liðum.

3.4 stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands 24.02.14

Til kynningar.

3.5 Fundur stýrihóps um deiliskipulag í Landmannalaugum, 01.10.13 í fimm liðum.

4. Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps- skipun formanns, varaformanns og nefndarmanns.

Tillaga: formaður fræðslunefndar verði Katrín Sigurðardóttir, varaformaður verði Anna María Kristjánsdóttir sem verður aðalfulltrúi, varamaður í stað Önnu Maríusem verði Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GP, MHJ, ST).

5. 17. júní nefnd Rangárþing ytra 2014 - skipun þriggja manna nefndar.

Tillaga, formaður verði Þórunn Inga Austmar Guðnadóttir og Ómar Diðriksson, nefndin velji með sér fulltrúa ungu kynslóðarinnar.

6. Tillaga að skipuriti Rangárþings ytra

Til kynningar, sveitarstjóra falið að undirbúa kynningarfund með höfundum tillögunnar og sveitarstjórnarmönnum.

7. Umsókn um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sækja um lán vegna skuldbreytinga til Lánasjóðs sveitarfélaga samkvæmt fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2014-2017, sótt verði um lán að upphæð kr. 60.000.000. til tuttugu ára.

8. Erindi frá 41 fundi hreppsráðs liður 3.3.: Sveitarstjóra var falið að vinna að tillögu um endurgreiðslu til námsmanna með lögheimili í Rangárþingi ytra vegna kostnaðar við vistun barna á leikskólum og hjá dagmæðrum í öðrum sveitarfélögum þar sem nám er stundað.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að endurgreiða til íbúa sveitarfélagsins sem stunda framhaldsnám utan Rangárþings ytra vegna leikskólavistunar barna í öðrum sveitarfélögum samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vegna vistunar barna sömu aðila hjá dagmæðrum er samþykkt að endurgreiða kr. 30.000 á mánuði miðað við heildsdagsvistun. Umsækjendur skulu leggja fram með umsókn um endurgreiðslu staðfestingu á námi við viðurkennda framhaldsskóla/eða háskóla og reikninga frá leikskólum eða dagmæðrum.

9. Leigusamningar vegna húsnæði sem er í séreign Rangárþings ytra á Laugalandi vísað frá 41. fundi hreppsráðs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning.

10. Samkomulag um afnot af húsnæði á Laugalandi -Kvenfélagið Eining Holtum- Ungmennafélagið Ingólfur

Sveitarstjórn samþykkir samkomulag um endurgjaldslaus afnot kvenfélagsins Einingar Holtum af fundarsal og geymslu (séreign Rangárþings ytra) í vesturenda sundlaugar-íþróttahúss á Laugalandi í Holtum. Sveitarstjóra falið að ganga frá samkomulagi við kvenfélagið Einingu Holtum.

Sveitarstjórn samþykkir samkomulag um endurgjaldslaus afnot Ungmennafélagsins Ingólfs af fundarsal (séreign Rangárþings ytra) vesturenda sundlaugar-íþróttahúss á Laugalandi í Holtum. Sveitarstjóra falið að ganga frá samkomulagi við Ungmennafélagið Ingólf.

Samþykkt samhljóða.

11. Rafrænar kosningar - í framhaldi af samþykkt frá sveitarstjórnarfundum, þar sem ákveðið var að sækja um að verða tilraunasveitarfélag með rafrænar kosningar.

Tillaga frá meirihluta sveitarstjórnar er að spurt verði: Vilt þú að grunnskólastarf í sveitarfélaginu verði undir einni yfirstjórn Rangárþings ytra? Félagsvísindastofnun verði falið að yfirfara spurninguna og umorða ef þörf er á.

Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú á móti (GP, MHJ, ST).

Fulltrúar Á-lista leggja til að spurt verði eftirfarandi spurninga í rafrænni íbúakosningu, með fyrirvara um yfirferð Félagsvísindasviðs HÍ:

- 1. Vilt þú að sveitarstjórn gefi framkvæmdaleyfi fyrir Hvamms- og Holtavirkjanir í neðri hluta Þjórsár ef megnið af orkunni fer til uppbyggingar stóriðju utan sveitarfélagsins?*
- 2. Viltu skilyrða að ákveðinn hluti af orkunni sem framleidd yrði í virkjunum í neðri hluta Þjórsár verði nýtt innan sveitarfélagsins? Orkan verði nýtt til eflingar atvinnu í héraði.*
- 3. Ertu jákvæð(ur) gagnvart sameiningu ((allra)) sveitarfélaga í Rangárvallasýslu?*
- 4. Vilt þú að sveitarstjórn beiti sér fyrir breytingum á kjöri til sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórn verði kosin persónukjöri í stað listakosninga?*

12. Skipulagsmál- Rangárþing eystra, 11.02.14, óskað eftir fundi með fulltrúum Rangárþings ytra um vatnsverndarmál sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fullrúar sveitarfélagsins á fundi um vatnsverndarmál verði: Þorgils Torfi Jónsson formaður skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúi.

13. Reynifell - Vatnsdalur girðingamál.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu II frá eiganda Vatnsdals og forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar. Tillaga II gerir ráð fyrir girðingu frá afgirtu sumarhúsasvæði í Reynifellslandi að Fiská gegnt girðingarenda Vatnsdals og lægi eftir hraunkanti nokkru ofar en gömul girðing er nú í landi Reynifells. Girðingarstæðið er valið með tilliti til aðstæðna bæði hvað varðar uppsetningu og viðhald en þó með þeim fyrirvara að mæla þarf út endanlega legu girðingar þegar vorar 2014. Þá er fyrirvari gerður af hálfu eiganda Vatnsdals að samþykki eigendur Reynifells tillögu II verði um leið tryggt að frágirt land Reynifells milli Eystri Rangár og Fiskár niður svokallaðan Krappa verði friðað fyrir búfé. Kostnaðaráætlun framkvæmdar (Vatnsdalsmegin) er kr. 3.9 milljónir og skiptist í eftirfarandi hlutföllum: Rangárþing ytra: 72,22% kr. 2.817.000. Tómasarbörn 5x5,56% kr. 1.083.000. Kostnaður rúmst innan samþykkrar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða

14. Frá Á- lista - Stjórnsýsla Rangárþings ytra .

Fulltrúar Á-lista leggja til:

1. One System - <http://onesystems.is/index.php/yfirlit-kerfiseininga.html>
 - a. Að fá það sem upp á vantar í One System til að sveitarstjórnarmenn geti kynnt sér mál og sinnt betur eftirfylgni með málum sem koma inn á borð stjórnsýslunnar. Klára þarf að setja upp svokallaða vefgátt fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmenn. Sjá: <http://onesystems.is/index.php/oneportal-committee.html>
 - b. Að allir fundir verði settir upp í kerfinu. Þessi kerfiseining er til staðar nú þegar því skipulagsfundir eru settir upp á þennan hátt. Sveitarstjórnarfundir og hreppsráðsfundir þurfa að vera settir upp á sama hátt ásamt undirnefndum. Þessu máli þarf að fylgja eftir og fá ráðgjafa frá söluaðila kerfis til að leiðbeina ef ekki er hægt að klára málið á annan hátt.
 - c. Að kanna kostnað við viðbót sem heitir OnePortal Citizen. Með slíkri gátt geta almennir íbúar fylgt sínum málum eftir. Sjá: <http://onesystems.is/index.php/oneportal-citizen.html>

“OnePortal gerir sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu 24/7 tuttugu og fjóra tíma á sólahring, sjö daga vikunnar. OnePortal gerir sveitarfélögum kleift að veita meiri þjónustu til íbúa þess án þess að þenja út yfirbyggingu sveitarfélagsins.”

Fundargögn til birtingar fyrir almenning

Liður 15.7 frá 48. fundi sveitarstjórnar 13. maí 2013: Opin stjórnsýsla - fundargögn sveitarstjórnar á vef sveitarfélagsins fyrir fundi.

Fulltrúar Á-lista óska eftir að sveitarstjóri fylgi þessu máli eftir og skili inni tillögu að framtíðarfyrirkomulagi fyrir næsta fund hreppsráðs. Vísað er í afgreiðslu sveitarstjórnar:

15.7 Opin stjórnsýsla - fundargögn sveitarstjórnar á vef sveitarfélagsins fyrir fundi.

Tillaga Á-lista:

Lagt er til að fundargögn sveitarstjórnarfundar verði birt íbúum á vefsíðu sveitarfélagsins um leið og dagskrá fundar sveitarstjórnar er birt hverju sinni. Sveitarstjóra verði falið að kanna með tæknilega útfærslu og koma tillögunni í framkvæmd.

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er að opna stjórnsýsluna fyrir íbúum en það er í anda stefnu Á-lista. Fundargögn sveitarstjórnar verði aðgengileg á vefgátt um leið og boðað er til fundar skv. lögboðnum fresti í sveitarstjórnarlögum. Fundir sveitarstjórnar eru opnir og gögnin hluti fundar. Að sjálfsögðu á tillagan ekki við varðandi trúnaðarmálagögn enda er þá fundur lokaður á meðan þau eru til umræðu. Það er mat Á-lista að þetta gæti orðið til að auka áhuga og skilning íbúa á þeim fjölmörgu verkefnum sem sveitarstjórn hefur til úrlausnar hverju sinni.

Breytingartillaga við lið nr. 15.7 á hreppsnefndarfundi Rangárþings ytra 13.05.13:

Lagt er til að fundargögn verði birt á vef sveitarfélagsins samhliða birtingu fundargerða sveitarstjórnar. Leitað verði eftir samþykki þeirra sem senda erindi sérstaklega til sveitarstjórnar svo sem umsækjenda um styrki og álíka.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir, Anna María Kristjánsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

Tillagan að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Vinnureglur vegna myndbandsupptöku sveitarstjórnarfunda.

Fulltrúar Á-lista leggja til að gerðar verði vinnureglur um meðhöndlun og geymslu myndbandsupptaka af sveitarstjórnarfundum. Atriði sem vert er að hafa í huga:

- Geymsla á upptökum á netinu. Hver er framtíðarstefna með birtingu á upptökum á netinu? Hvar verða þær geymdar? Verður þetta alltaf á Youtube? Hversu lengi þar og hver er með aðgang að Youtube aðgangi sveitarfélagsins?
- Afrit á öruggum stað. Er frumrit af upptökum geymt á eldvörðum geymslustað í samræmi við reglum um geymslu skjala sveitarfélagsins?
- Tímasetning á myndbandi. Mælt er til þess að svokallað “timestamp” sé á upptökum funda svo að hægt sé að átta sig á rauntíma á upptökum. Þetta á að vera hægt að stilla í myndavélinni.
- Ákvörðun um töku fundarhlés. Hvaða reglur gilda um töku fundarhléa á opinberum fundum sem verið er að taka upp? Skoða þetta í samræmi við stöðvun á upptöku.
- Upptökur á trúnaðarmálum. Hvaða reglur gilda um upptöku á trúnaðarmálum? Skoða þetta í samræmi við algennt orðalag um afgreiðslu erinda “í samræmi við umræður á fundi.”

Sveitarstjóra falið að kanna umfang og kostnað við að koma lið 1 í framkvæmd og leggi niðurstöðu fyrir næsta fund sveitarstjórnar. Einnig að leita eftir því hvort vinnureglur um myndbandsupptökur frá sveitarstjórnarfundum eru til hjá öðrum sveitarfélögum sem fara mætti eftir. Sveitarstjóra falið að koma lið 2 í framkvæmd eins og samþykkt var 13. maí 2013.

Samþykkt samhljóða.

15. Færist aftast í fundargerðina.

16. Félags- og Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 11.03.14, beiðni um að veita byggðasamlagi sem sveitarfélagið er aðili að, veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku byggðasamlagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir að veita byggðasamlaginu ábyrgð vegna viðkomandi lántöku hlutfallslega í samræmi við hlut sveitarfélagsins í byggðasamlaginu.

Samþykkt samhljóða.

17. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

17.1 Endurhæfing-þekkingasetur afmælisráðstefna 21. mars 2014.

Til kynningar.

17.2 Glímusamaband Íslands, 27.02.14 - keppnisferð til Skotlands.

Til kynningar.

17.3 UMFÍ, 28.02.14, auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6. landsmóts UMFÍ 50+ árið 2016.

Til kynningar.

17.4 UMFÍ, 28.02.14, auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 20. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2017.

Til kynningar.

17.5 Rannsóknir og ráðgjöf í ferðaþjónustu 7.03.14, boð um þjónustu

Til kynningar

17.6 Suðurland FM 96.3, 11.03.14, boð um þjónustu.

Til kynningar

18. Annað efni til kynningar:

18.1 Lánasjóður sveitarfélaga, 28.02.14- auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

18.2 Samband sunnlenskra sveitarfélaga, 03.03.14 niðurstaða viðhorfskönnunar meðal Sunnlendinga um gjalddöku í ferðapjónustu.

15. Erindi vegna fasteignagjalda og starfsmannamáls:

Fundi lokað kl. 18.10

15.1 Helluvað, leiðrétt fasteignagjöld eftir bruna, sveitarstjóra falið að afgreiða málið.

15.2 Starfsmannamál, 10.03.14, trúnaðarmál

Fundurinn opnaður á ný kl. 19.05.

Fundargerðin yfirfarin og undirrituð.

Fundi slitið kl.19.10



Hreppsnefnd Rangárbæingis ytra

Fundargerð

59. fundur hreppsnefndar Rangárbæingis ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 10. apríl 2014 kl. 15.00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Gunnar Aron Ólason varamaður fyrir Guðfinnu Þorvaldsdóttur situr fundinn undir lið 1- Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri óskar eftir að við bætist liður 15, bóknun vegna lántöku fyrir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri og oddviti; stutt yfirlit yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 42. fundur hreppsráðs 27.03.14, í 11 liðum.

Fundargerðin er staðfest.

Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson og Gunnar Aron Ólason með fyrirvara um lið 2.4, fundargerðir Lundar,

Á-listi gerir athugasemd við fundargerðir Lundar.

Bókun: "Nú fyrst eru að birtast fyrir sveitarstjórn fundargerðir stjórnar Lundar frá árinu 2012 eftir ítrekaðar beiðnir Á-lista þar um. Engar undirskriftir eru á fundargerðum eða nein sönnun þess að allir stjórnarmenn skrifi undir það sem fram kemur í þeim. Fyrir liggur að einn stjórnarmaður hefur sagt sig úr stjórn vegna þess hvernig haldið var á málum á þessum tíma sem fundargerðir þessar ná til.

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir gekk úr meirihluta Á-lista í nóvember 2012 og sagði í blaðaviðtali að málefni Lundar hefði verið kornið sem fyllti mælinn hjá sér. Þessar fundargerðir eru því mjög mikilvægar í sögu stjórnsýslu Rangárbæingis ytra.

Ákvörðun Margrétar kostaði sveitarsjóð milljónir króna og víða eru merki þess að samfélagið sé í miklum sárum sem erfitt er að meta til fjár.

Fullyrt var af Margréti í blaðaviðtalinu að farið hefði verið "í ráðuneytið án samráðs við stjórn Lundar" og mál varðandi fjármögnun heilabilunardeildar sett í biðstöðu vegna þess að "ekkert fjármagn væri til". Það skal ítrekað hér að þetta eru hrein og klár ósannindi og vítavert að bera slíkt út. Mannorð fólks hefur beðið álitshnekki í þessu máli og ábyrgðarhluti hjá forstjóra Lundar að láta slík ósannindi frá sér.

Drífa Hjartardóttir, sem nú situr í stól sveitarstjóra, réri undir með þessum ósannindum og verður hennar framkoma sem formaður stjórnar Lundar í umboði Rangárbæingis ytra að teljast vítaverð einnig. Á-listi er með það í alvarlegri skoðun að leggja fram kvörtun við Umboðsmann Alþingis vegna þeirra embættisverka sem þarna voru höfð uppi í ljósi nýframlagðra fundargerða."

Gunnar Aron Ólason, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

Bókun meirihluta:

Framangreind bókun Á-lista fulltrúa kemur á óvart og er efnismikil og löng. Fulltrúar í meirihluta sveitarstjórnar Rangárbæingis ytra áskilja sér rétt til þess að svara efnisatriðum þessarar bókunar á fundi sveitarstjórnar síðar og lýsa vonbrigðum með að fulltrúar Á-listans skuli sjá ástæðu til þess að fara fram með málatilbúnað af þessu tagi. Að Á-listinn áformi að fara með málatilbúnaðinn til Umboðsmanns Alþingis kemur hins vegar ekki á óvart í ljósi fyrri afreka á því sviði sem litlu hefur skilað öðru en miklum tilkostnaði og ærnum leiðindum fyrir sveitarfélagið.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Gunnar Aron Ólasonar vikur af fundi kl. 15.45 og Guðfinna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 15.45.

2. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 25. fundur samgöngu-, hálendis og umhverfisnefndar, 09.09.13, í sjö liðum.

Fundargerðin er staðfest

2.2 27. fundur samgöngu-, hálendis og umhverfisnefndar, 20.03.14, í sex liðum.

Fundargerðin er staðfest

2.3 Fundur í samráðsnefnd um Holtamannaafrétt, 02.04.14, í tveimur liðum.

*2. liður í fundargerð um vindgarð er frestað og óskað eftir breytingu á orðalagi.
Fundargerðin staðfest að öðru leiti.*

2.4 14. fundur Héraðsnefndar, 04.04.14, í fjórum liðum.

2.4.1 6 Fylgiskjöl með fundargerð Héraðsnefndar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð Héraðsnefndar.

2.5 68. fundur skipulagsnefndar Rangárþings ytra, 04.04.14, í 11 liðum.

Landskipti og stofnun lóða

2.5.1. 1402053 - Háfshjáleiga, spilda úr 207728, landskipti

Eigendur Þórshúss ehf óska umsagnar Rangárþings ytra um landskipti úr landi Háfshjáleigu, landi 5. Um er að ræða stofnun tveggja lóða úr landnr. 207728, 97 ha að stærð. Báðar nýju lóðirnar verða 36,5 ha að stærð hvor og restin því 24 ha. Nýjar lóðir fá landnr. 222102 og 222103.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu þar sem enn liggur ekki fyrir staðfesting á landamerkjum upprunaspildunnar með landnr. 207728.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.2. 1402067 - Ægissíða I og IV, landskipti og samruni.

Þórhallur Ægir Þorgilsson óskar eftir heimild sveitarstjórnar til landskipta úr landi sínu, Ægissíðu I, landnr. 165446. Stofnuð verður ný lóð, 4,2 ha. að stærð og fær landnr. 222250. Ný lóð verður sameinuð Ægissíðu IV, landnr. 165440. Eftir samrunann verður Stofnuð ný lóð, 1,4 ha. að stærð sem fær landnr. XXXXXX. Kvöð verður á Ægissíðu IV um aðkomu að nýju lóðinni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.3. 1402068 - Heiði, landskipti

Páll Melsted, fyrir hönd eigenda, óskar eftir heimild sveitarstjórnar til landskipta úr landi sínu, Heiði. Um er að ræða 60 ha. svæði sem er í eigu Íslenska ríkisins og fær landnr. 222268.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.4. 1404004 - Marteinstunga, landskipti

Gunnar Guttormsson óskar eftir staðfestingu sveitastjórnar á landskiptum úr jörð sinni, Marteinstunga landnr. 165127. Stofnuð verður ný lóð landnr. 222287, 1,1 ha. að stærð. Eftir stofnun mun ný lóð sameinast lóðinni Lýtingur, landnr. 165243.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla skipulagsmála

2.5.5. 1401006 - Kot, Jónskot, breyting á aðalskipulagi

Sveitastjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að breyta landnotkun í aðalskipulagi þar sem 3 ha spilda úr landbúnaðarsvæði í landi Kots verði breytt í frístundasvæði.

Lýsing var kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og bárust athugasemdir sem búið er að taka tillit til í gerð tillögunnar. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var til sýnis frá 25. mars til og með 28. mars 2014 og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.6. 1310043 - Hallstún, austan Landvegur. Breyting á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að breyta landnotkun í aðalskipulagi þar sem núverandi frístundasvæði F27, verði minnkað úr 52 ha í 12 ha. Restin verði gerð að landbúnaðarsvæði. Breytingin tekur einnig til nýs frístundasvæðis úr landi Hallstúns, merktu F72.

Lýsing var kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og bárust athugasemdir sem búið er að taka tillit til í gerð tillögunnar. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var til sýnis frá 25. mars til og með 28. mars 2014 og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.7. 1311031 - Rangárþing ytra, breytingar á aðalskipulagi fyrir Hallstún, og Rangárflatar

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að breyta landnotkun í aðalskipulagi. Um er að ræða færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangárflatar á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs.

Lýsing var kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og bárust athugasemdir sem búið er að taka tillit til í gerð tillögunnar. Tillagan hefur einnig verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var til sýnis frá 25. mars til og með 28. mars 2014 og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.8. 1308026 - Galtalækur 2, br. á aðalskipulagi fiskeldi

Sveitastjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að gera breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010/2022 hvað varðar landnotkun á um eins ha. svæði úr landi Galtalækjar II, þar sem landbúnaðarsvæði er breytt í iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi. Tillagan hefur hlotið tilskilda málsmeðferð skv. skipulagslögum og þarfnast eingöngu staðfestingar Skipulagsstofnunar á tilteknum breytingum.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til staðfestingar skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.9. 1306058 - Galtalækur 2, Fiskeldi 214057, deiliskipulag

Stefanía Karlsdóttir fyrir hönd Íslenskrar matorku hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja land undir fiskeldi í landi Galtalækjar II. Tillagan hefur hlotið tilskilda málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga. Gerð var tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 þar sem fyrirhugað svæði verður að iðnaðarsvæði og voru báðar tillögur

auglýstar samhliða. Tillagan að breytingu á aðalskipulaginu er til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun og barst athugasemd frá stofnuninni vegna tilvísunar í rangt ákvæði skipulagslaga, þar sem vísað var í 3. mgr. 30. gr. en hefði átt að vera vísað til 2. mgr. 32. gr. Til að dagsetningar á uppdráttum aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins haldist í hendur þarf að endurtaka afgreiðslu í nefndinni.

Skipulagsnefnd samþykkir því fyrirliggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.10. 1311029 - Baugalda 9-13, breyting á deiliskipulagi

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á deiliskipulagi við enda Baugöldu á Hellu. Gildandi deiliskipulag er síðan 2004 og er fyrir Öldur II. Innan lóðar nr. 9-13 verður heimilt að byggja fjögurra íbúða raðhús í stað þriggja íbúða áður. Aðkomu bíla við endalóðir verður breytt lítillga á kostnað lóðarinnar nr. 7 við sömu götu. Grenndarkynning hefur farið fram og rann athugasemdarfrestur út þann 17. janúar sl. Ekki búrúst neinar athugasemdir við tillöguna.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til að hún verði send til vörslu skipulagsstofnunar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.5.11. 1302059 - Ölversholt, Deiliskipulag

Magnús K. Sigurjónsson fyrir hönd eigenda Ölversholts 3 og Einar Benjamínsson fyrir hönd eigenda Ölversholts 1 hyggjast deiliskipuleggja land sitt þar sem óskað er eftir að komi íbúðar- og frístundahúsabyggð á hluta landsins. Tillagan er í samræmi við ákvæði aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022 er varðar landnotkun og byggingarheimildir. Heimild til deiliskipulagsgerðar var veitt á fundi skipulagsnefndar þann 26.3.2013 og samþykkt tillaga til auglýsingar skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemdir búrúst frá Minjastofnun vegna skráðra fornleifa og hefur framlögð tillaga verið lagfærð. Ekki var um frekari athugasemdir að ræða.

Skipulagsnefnd telur ekki þörf á lýsingu þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi. Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og leggur til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:

3.1 13. fundur félagsmálanefndar, 31.03.14, í tveimur liðum.

Til kynningar

3.2 478. fundur stjórnar SASS, 24.03.14, í 10 liðum.

Til kynningar

3.3 814. fundur stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, 21.03.14, í 21 lið.

Til kynningar

3.4 Fundur í stjórn Húsakynna, 24.03.14, í tveimur liðum.

Til kynningar

3.5 Húsakynni aðalfundur, 24.03.14, í tveimur liðum.

Til kynningar

3.6 Ársskýrsla Þjónusturáðs Suðurlands 2014.

Til kynningar

3.7 Þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks, skýrsla fagteymis 1. september 2012 - 31.12.13

Til kynningar

3.8 Stöðufundur klasans, Fuglar á Suðurlandi, 25.03.14, í fjórum liðum.
3.8.1 fylgiskj. svæðin.

Til kynningar

3.9 Fundur í rekstrarstjórn Laugaland, 02.04.14, í fjórum liðum.

Til kynningar

3.10 Fundur í fjallskiladeild Rangárvallafréttar, 02.04.14, í fimm liðum.

Vegna tilmæla fjallskiladeildar Rangárvallafréttar er samþykkt að fela sveitarstjóra að endurskoða lista yfir lönd og jarðir í eigu sveitarfélagsins sem eru í sölufæri og leggja fram tillögu fyrir sveitarstjórn.

3.11 Fljótshérað, 03.04.14 - Upplýsingamiðstöð í Möðrudal - afrit af erindi til Vatnajökulsþjóðgarðs.

Til kynningar.

4. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

4.1 Aðalfundur Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár- 12.04.14.

Sveitarstjórn samþykkir að Þorgils Torfi Jónsson fari með umboð Rangárþings ytra á aðalfundinum.

4.2 Leikfélag Rangæinga, 07.04.14, beiðni um styrk vegna húsaleigu.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Leikfélag Rangæinga að upphæð 400 þúsund kr. og fjárhæðinni vísað til viðauka við fjárhagsáætlun 2014.

5. Leigusamningar.

5.1 Leigusamningur um lóð fyrir stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar á Holtamannafrétti.

5.2 Leigusamningur um lóð fyrir tengivirki Búðarhálsvirkjunar á Holtamannafrétti.

Til kynningar á þessu stigi en sveitarstjórn óskar eftir aðkomu að málinu á undirbúningsstigi.

6. Erindi frá Steinari Tómassyni, 26.03.14 - ástand göngustíga við Grunnskólann á Hellu.

6.1 meðfl. myndir.

Sveitarstjórn þakkar bréfitara fyrir að vekja athygli á málinu og vísar erindinu til sveitarstjóra enda gert ráð fyrir aðgerðum við göngustíga á fjárhagsáætlun 2014. Umræddur göngustígur verði í forgangi og framkvæmdum lokið fyrir skólabyrjun á komandi hausti.

Samþykkt samhljóða.

7. Erindi frá Lúðvík Bergmann - 26.03.14, kaup á leigulandi á Fossi. Meðfl. uppd. á lóð.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins og felur sveitarstjóra að ræða við Lúðvík Bergmann um möguleika í stöðunni.

Samþykkt samhljóða.

8. Samningur um refaveiðar í fyrrum Rangárvallahreppi.

8.1 fylgiskj.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning við skotfélagið Skyttur. En jafnframt er sveitarstjóra falið að gera drög að samningum við aðra aðila innan sveitarfélagsins sem hafa stundað refaveiðar í sveitarfélaginu, fyrir vestan Ytri Rangá.

9. Yfirlýsing - Leyfi sveitarfélags vegna vindlunda á Þjórsár-Tungnaárvæði.

9.1 Yfirlitsmynd af ÞT- svæðinu.

Sveitarstjórn óskar eftir að fá kynningu frá Landsvirkjun á fyrirhuguðum framkvæmdum og áformum á Þjórsár-Tungnaárvæðinu.

10. Gæðastjórnunarkerfi byggingafulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir að byggingafulltrúaembætti sveitarfélagsins taki þátt í kostnaði við að koma upp gæðastjórnunarkerfi ásamt 45 öðrum embættum, kostnaður hvers embættis er áætlaður 50 - 70 þús. kr.

11. Fjarskiptastofnun, 04.04.14 - framtíðarfyrirkomulag alþjónustu um tengingu við almenna fjarskiptanetið.

11.1 Yfirlit- nógildandi fjarskiptaáætlun 2011 - 2022

11.2 Fylgigögn glæsur.

11.3 Uppbygging fjarskiptainnviða.

Til kynningar.

12. Innanríkisráðuneytið, 25.03.14, svar - rafrænar kosningar. Ráðuneytið þakkar sveitarstjórn Rangárþings ytra auðsýndan áhuga á þátttöku í þessu verkefni og metur mikils vilja sveitarfélagsins til að styðja með þessum hætti við þetta mikilvæga verkefni. Af fyrirliggjandi erindum sveitarstjóra og þriggja fulltrúa í sveitarstjórn virðist mega ráða að ekki ríki eining innan sveitarstjórnarinnar um þá íbúakosningu, sem hér hefur verið sótt um að verði haldin með rafrænum hætti. Að mati ráðuneytisins bendir það til þess að ekki sé sem stendur traustur grundvöllur fyrir kosningunni til að hún henti til þátttöku í þessu tilraunaverkefni.

Bókun Á-lista:

Ráðuneytið hefur með bréfi sínu hafnað umsókn sveitarfélagsins um rafræna íbúakosningu. Í niðurlagi bréfsins kemur þó fram að ráðuneytið er reiðubúið til að vinna málið frekar með sveitarfélaginu. Fulltrúar Á-lista leggja því til að tilboði ráðuneytisins verði tekið vel og reynt verði að finna aðra spurningu sem hentar verkefninu betur og sveitarstjórn getur sameinast um.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

Bókun meirihluta:

Undirritaðir fulltrúar í meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra lýsa yfir undrun og vonbrigðum með að innanríkisráðuneytið skuli láta minnihluta sveitarstjórnarinnar ráða niðurstöðu sinni. Furðulegt má telja að minnihlutinn skuli ekki hafa lagt í að fá fram álit íbúa á framtíðarfyrirkomulagi varðandi yfirstjórn grunnskólanna í sveitarfélaginu. Þegar á reynir virðist ekki vera áhugi innan Á-listans fyrir virku íbúalýðræði innan sveitarfélagsins. Sjálfsgagt er að skoða með ráðuneytinu hvort möguleiki skapast til þess að viðhafa rafræna könnun eða kosningu um málefni sem brennur á íbúum og að leikreglur lýðræðisins fái þá að ráða för.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Bókun Á-lista:

Fulltrúar Á-lista taka ekki undir með meirihlutafulltrúum sveitarstjórnar að innanríkisráðuneytið geti ekki tekið sjálfstæða afstöðu í þessu máli. Fulltrúar Á-lista samþykktu rafræna kosningu á þeim forsendum sem Þjóðskrá lagði upp með í verkefninu, en spurningin sem meirihlutinn valdi féll ekki að þeim að okkar mati. Innanríkisráðuneytið tekur undir þessa túlkun fulltrúa Á-lista í svarbréfi sínu. Fullyrðing meirihluta um meint áhugaleysi Á-listans á íbúalýðræði er vísað til fjórhúsanna, þar sem Á-listinn hefur staðið að fjölmörgum tillögum á kjörtímabilinu sem lúta að virku og auknu íbúalýðræði. Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

13. Á-listafulltrúar óska eftir umræðum og stöðu eftirtalinna verkefna sem eru á fjárhagsáætlun 2014.

13.1 Fjölskyldugarður, hvernig miðar undirbúningi og hver er staðan.

Sveitarstjóri leggur til að kosin verði fimm manna nefnd til undirbúnings verkefnisins.

Samþykkt samhljóða. Skipað verði í nefndina á næsta fundi.

13.2 Göngustígar á Hellu

Á fjárhagsáætlun 2014 eru áætlaðar 2 milljónir í lagfæringar á göngustígum, ekki hefur verið unnt að fara í framkvæmdir vegna bleytu og klaka. En gert er ráð fyrir að samþætta yfirborðsfrágang göngustíganna við önnur stærri verkefni í gatnagerð m.a. kringum hótelið sem er að rísa á Gaddstaðafötum til að ná sem mestri hagkvæmni. Vísað til fyrri samþykktar á fundinum í lið 6.

13.3 Viðbygging við Lund.

Stjórnarformaður Lundar Drífa Hjartardóttir og formaður byggingarnefndar Lundar Eydís Indriðadóttir oddviti Ásahrepps hafa verið í sambandi við Velferðarráðuneytið og eru að bíða eftir svörum frá þeim.

13.4 Söguritun Hellu, hver er staðan og hver er kostnaður vegna vinnu frá 1.des. sl. Hvenær er áætluð útgáfa.

Samkvæmt samningi við söguritara eru áætluð skil á handriti í sumar. Enginn kostnaður hefur verið greiddur eftir 1. des. sl. Á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að bókin komi út á árinu 2014.

13.5 Viðbygging við Grunnskólann á Hellu, fjárhagsáætlun byggingar og núverandi kostnaður

Tilboðsfjárhæð Rangár ehf. í bygginguna við skólann var rúmlega 12,5 milljón króna, þar af voru greiddar kr. 1.882.500 á árinu 2013 þannig að um 10,6 koma til greiðslu á þessu ári 2014.

Samþykkt fjárveiting til grunnskólans 2014 er 25 milljónir þannig að 14,4 eru til ráðstöfnar í önnur verkefni við skólann. Einhverju af því hefur þegar verið ráðstafað í útitröppur og önnur minniháttar aukaverk tengd nýbyggingunni sem ekki voru í útboði en það ætti að vera nóg eftir til að ljúka lagfæringum á elsta hlutanum þ.e. að frátöldum ganginum.

13.6 Ljósleiðari og netsamband í sveitarfélaginu.

Viðræður eru hafnar við nágrannasveitarfélögin um samvinnu í þessum málum. Einnig hefur verið rætt við Þórhall Ólafsson hjá Neyðarlínunni um þeirra aðkomu að því að bæta skilyrði í sveitum. Verið er að skoða kostnaðarhlutdeild, annars vegar ef lína er sett í jörðu og hins vegar ef sendingar fara gegnum möstur.

Tillaga Á- lista: Að kanna möguleikana og kostnaðinn við að tengja Þykkvabæ við ljósleiðara sem liggur við þorpið og annars staðar þar sem ljósleiðari liggur um. Jafnframt verði gerð úttekt á hvar mesta þörfin sé á betri nettenginum í öllu sveitarfélaginu.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

Samþykkt samhljóða.

14. Annað efni til kynningar:

14.1 Ályktun stjórnar SASS um gjaldtöku í ferðaþjónustu, 26.03.14.

14.2 Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, mars 2014 - Húsnæðismál á Suðurlandi, niðurstöður könnunar.

14.3 LS 02.04.14, arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2013.

14.4 Samband íslenskra sveitarfélaga 4.05.14, frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms, mál 414.

Til kynningar

15.

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita byggðasamlagi sem sveitarfélagið er aðili að, veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku byggðasamlagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Bókun:

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Félags og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 8.000.000 kr., í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum og eru meðfylgjandi fundargerð þessari. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lán Félags og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er tekið til að fjármagna stofnkostnað við skólaþjónustu félagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Drífu Hjartardóttur 010250-2509 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Rangárþings ytra veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð yfirfarin og undirrituð.

Fundi slitið kl. 18.45



Hreppsnefnd Rangárbæings ytra

Fundargerð

60. fundur hreppsnefndar Rangárbæings ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, þriðjudaginn 15. apríl 2014 kl. 15.00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varamaður fyrir Guðfinnu Þorvaldsdóttur.

Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð, Klara Viðarsdóttir, aðalbókari og Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi undir lið 2.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum

1. Fundargerð hreppsráðs:

1.1 43. fundur hreppsráðs 14.04.14.

Fundargerðin er staðfest samhljóða.

2. Ársreikningur 2013 -fyrri umræða.

Einar Sveinbjörnsson, KPMG, löggiltur endurskoðandi sveitarfélagsins, kynnti niðurstöður ársreiknings fyrir Rangárbæing ytra fyrir árið 2013. Einnig lögð fram endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2013.

Ársreikningnum vísað til síðari umræðu.

Bókun sveitarstjórnar:

Afgangur af rekstri Rangárbæings ytra árið 2013 er 115 mkr. eða talsvert betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Tekjur hafa hækkað meira en gjöld og skýrist það m.a. af fjölgun íbúa. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er 144% í árslok eða vel undir viðmiðunarmörkum sem eru 150%. Þessum árangri hefur tekist að ná nokkrum árum fyrr en upphaflega var áætlað.

Mikið fagnaðarefni er að markmið um góða framlegð og afgang af rekstri á árinu 2013 hefur náðst og meira en það. Þetta hefur tekist með því að vanda til áætlunargerðar og með mikilli og fórnfúsri vinnu allra starfsmanna sveitarfélagsins. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut. Fjárhagsstaðan er að öllu leyti á góðri og réttri leið og má hiklaust segja að nýrri sveitarstjórn verði skilað góðu búi. Sveitarstjórnin þakkar starfsfólki og öllum sem lagt hafa hönd á plóginn til þess að ná þessum góða árangri.

3. Drög að svari til Innanríkisráðuneytis- vegna erindis eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá 17. mars 2014.

Drög að svari samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að svara erindinu.

4. Bókun meirihluta við bókun Á lista við lið 1 á 59. fundi sveitarstjórnar.

Bókun meirihluta í sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna bókunar fulltrúa Á-listans á 59. fundi sveitarstjórnar þ. 10. apríl 2014:

Í illkvittinni bókun Á-listans er komið inn á það að fundargerðir stjórnar Lundar hafi ekki verið lagðar fyrir fram í sveitarstjórninni. Formaður stjórnarinnar hefur skýrt hvernig staðið hefur verið að þeim málum af hálfu stjórnarinnar. Fundargerðirnar eru ekki allar undirritaðar eigin hendi stjórnarmanna, en það virðist hafa tíðkast að stjórnarmenn hafi staðfest fundargerðir í tölvupósti eftir fundi. Í þessari bókun er vegið harkalega að tveimur einstaklingum og mikið er gert úr því að samráð hafi verið haft af hálfu þáverandi oddvita og sveitarstjóra við stjórn Lundar um viðræður við ráðuneyti um byggingamál Lundar. Embættismennirnir virðast þó hafa farið til fundar í ráðuneytinu án þess að hafa samráð um viðræðuefnið við formann stjórnar Lundar og hjúkrunarforstjóra og ekki heldur við aðra stjórnarmenn. Ennfremur var sömu aðilum ekki boðið að taka þátt í fundinum. Þetta er marg fram komið í umræðu um þessi mál og öllum ætti að vera ljós munurinn á þessu tvennu, þ.e. að stjórn Lundar bað embættismenn sveitarfélagsins að fara til fundar við ráðuneytið og því að embættismennirnir höfðu svo ekki samráð um verkefnið þegar það brast á. Um þetta ætti að vera óþarfi að eyða fleiri orðum enda er málið komið í annan farveg og vonandi fæst lausn á þeim vanda sem verið hefur varðandi fjármögnun viðbyggingarinnar.

Það hefði mátt ætla að fulltrúar Á-listans deildu áhuga annarra sveitarstjórnarmanna og fleiri á því að þoka málum viðbyggingarinnar við Lund áfram, svo virðist þó ekki vera. Allt kapp er lagt á að sverta einstaklinga og koma höggi á persónur. Vonir höfðu vaknað um að fulltrúar Á-listans í sveitarstjórninni hefðu lagt slíkan málflutning til hliðar síðustu vikur þessa kjörtímabils, en þær vonir hafa brugðist. Vilji þessir fulltrúar enda feril sinn á þessu kjörtímabili á sama hátt og þeir hafa hagað málflutningi sínum lengst af, þá verða þeir að þjóna lund sinni eins og þeim er lagið. Það hefði verið eðlilegra að taka þátt í jákvæðu starfi sveitarfélaginu til heilla, en það verða allir að ráða sinni för sjálfir og hver og einn vinnur að sínu orðspori sem lifir áfram þó kjörtímabilið endi.

Lesendur eru beðnir velvirðingar á lengd þessarar bókunar en tilefnið gefur ekki færi á öðru.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Bókun Á lista:

Fundargerðir Lundar frá árinu 2012 voru fyrst lagðar fyrir sveitarstjórn á síðasta fundi hennar þann 10. apríl 2014. Eitt af hlutverkum sveitarstjórnarmanna er að “sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélags.” sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga. Fulltrúar Á-lista eru að sinna þessu hlutverki sínu með því að gera athugasemdir við þá stjórnsýsluhætti sem viðhafðir voru. Tilgangur athugasemdana er ekki neikvæðni í garð viðbyggingar við Lund, heldur að stuðla að bættum vinnubrögðum í stjórnsýslunni. Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir.

5. Hús Orkuveitu Reykjavíkur - hugsanleg kaup.

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á hitaveituhúsinu. Kaupfjárhæð vísað til viðauka við fjárhagsáætlun 2014.

Samþykkt samhljóða.

6. Flugmálafélags Íslands, 10.04.14, flugmót á Helluflugvelli.

Sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa félagsins á þeim grunni sem farið er fram á.

Samþykkt samhljóða.

7. Annað efni til kynningar:

7.1 vorkundur þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, 02.04.14, í fimm liðum.

Til kynningar

Fundargerð yfirfarin og undirrituð.
Fundi slitið kl. 16.55



Hreppsnefnd Rangárbæingis ytra

Fundargerð

61. fundur hreppsnefndar Rangárbæingis ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 8. maí 2014, kl. 15.00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð og Klara Viðarsdóttir, aðalbókari undir liðum 4 og 5.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri og oddviti; stutt yfirlit yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 44. fundur hreppsráðs 25.04.14, í átta liðum.

Fundargerðin er staðfest

2. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 6. fundur skipulagsnefndar Rangárbæingis ytra 2.05.14, í 13 liðum.

2.1.1 1404021 - Svínhagi lóðir L6, L7 og L8, Landskipti

Ingi Ingvarsson fyrir hönd Litla Hofis ehf óskar eftir að fá að skipta landi sínu upp í spildur skv. meðfylgjandi uppdráttum. Lóð L6 verði skipt í 3 lóðir, L6, L6a og L6b. Lóð L7 verði skipt í 4, lóðir, L7, L7a, L7b og L7c. Lóð L8 verði skipti í 3 lóðir, L8, L8a og L8b. Eignarhald á umræddum spildum var staðfest við landskipti úr landi Svínhaga 17.12.2009.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.2 1405001 - Heiði, Heiðarnrekka og Nesbakki, landskipti

Landeigendur Heiðar, Heiðarbrekku og Nesbakka óska eftir landskiptum á milli jarðanna þar sem óskiptu landi allra jarðanna er skipt skv. meðf. uppdrætti. Allir nærliggjandi landeigendur hafa staðfest landamerki með samþykki sínu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.3 1404011 - Ölversholt 5, landskipti

Eiríkur Benjamínsson óskar eftir landskiptum úr jörðinni Ölversholt 5, landnr. 219185. Ný lóð verði 10,2 ha. að stærð og fengi landnr. XXXXXX.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.4 1311029 - Baugalda 9-13, breyting á deiliskipulagi

Rangárbæingur ytra hefur samþykkt að gera breytingar á deiliskipulagi Öldur II á Hellu. Núverandi deiliskipulag er síðan 2004. Breytingin verður þannig að innan lóðar nr. 9-13 verður heimilt að byggja fjögurra íbúða raðhús í stað þriggja íbúða áður.

Aðkomu bíla við endalóðir verður breytt lítillega á kostnað lóðarinnar nr. 7 við sömu götu. Íbúðirnar verða númeraðar 9, 11a, 11b og 13.

Grenndarkynning fór fram á tímabilinu 20.12.2013 - 17.1.2014 og bárust engar athugasemdir við tillöguna. Við lokaafgreiðslu Skipulagsstofnunar kom hins vegar í ljós að deiliskipulag fyrir Öldur II hefur ekki verið birt í B-deild stjórnartíðinda á sínum tíma og er því ekki í gildi.

Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulag fyrir Öldur II verði sett í lögbundið ferli og áður gerðar breytingar verði teknar með.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.5 1403002 - Svínhagi SH-17, deiliskipulag

Drífa Kristjánsdóttir og Björn Þorgrímsson hafa fengið heimild sveitastjórnar til að deiliskipuleggja land sitt úr landi Svínhaga merkt SH-17. Áform eru uppi um að byggja einbýlishús ásamt bílgeymslu, gestahúsum og véla- og tækjageymslu. Landið er 3,1 ha. að stærð. Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.6 1404020 - Svínhagi RS-9, deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir RS-9 úr landi Svínhaga var sett í ferli á árinu 2011 en hefur ekki verið lokið. Málið er því tekið aftur til meðferðar skv. 41. gr. skipulagslaga.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.7 1212022 - Ketilhúshagi, lóð 47, Deiliskipulag

Lárus Einarsson hefur fengið heimild til deiliskipulagsgerðar á lóð sinni í landi Ketilhúshaga, lóð nr. 47, landnr. 218198. Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.8 1310003 - Smávirikjun við Laufafell

Þórhallur Ólafsson fyrir hönd Neyðarlínunnar ohf hefur fengið heimild til skipulagsgerðar við Laufafell vegna byggingar á vatnsaflsvirkjun til reksturs fjarskiptastöðvar þeirra við Laufafell.

Tillagan var auglýst frá 10.3.2014 til 24.4.2014. Athugasemdir bárust frá Vegagerð ríkisins um samvinnu við lagningu vatnslagnar með veginum. Ekki bárust aðrar athugasemdir.

Skipulagsnefnd telur að komið hafi verið til móts við athugasemdir umsagnaraðila og leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til endanlegrar afgreiðslu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.9 1305023 - Haukadalur 219699, vatnsból sett inná aðalskipulag.

Torfi Kristjánsson fyrir hönd landeigenda hefur óskað eftir því að vatnsveita verði sett inná skipulag. Starfsleyfi hefur verið veitt á vatnsveituna þar sem fyrirhugað er að eigandi Svínhaga muni nýta sér hana. Lögð er fram lýsing á skipulagsáætlunum.

Skipulagsnefnd samþykkir lýsinguna og leggur til að hún verði kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Frestur til ábendinga skal vera 2 vikur og skal kynna lýsinguna í staðarblaði og á heimasíðu Rangárþings ytra.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.10 1404007 - Fögruvellir, breyting á aðalskipulagi

Ólöf Rún Tryggvadóttir óskar eftir því að gerð verði breyting á landnotkun á hluta af jörð sinni í aðalskipulagi Rangárþings ytra. Jörðin nefnist Fögruvellir og er um 32 ha. úr landi Stóru-Valla. Lögbylí er skráð á jörðina. Breyting verði út frístundasvæði í landbúnaðarsvæði. Áform umsækjanda eru að fytja lögheimili sitt á jörðina á næstu árum.

Málinu frestað og skipulagsfulltrúa falið að fara betur yfir málið með umsækjendum.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.11. 1404022 - Ljósleiðari frá Snjóöldufjalli að Kirkjubæjarklaustri, framkvæmdaleyfi

Orkufjarskipti hf óska eftir framkvæmdaleyfi til að leggja ljósleiðarastreng frá Snjóöldufjalli að Hörðubreiðarhálsi. Um er að ræða 1. áfanga að lög ljósleiðara frá Snjóöldu að Kirkjubæjarklaustri. Ljósleiðaralagning fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsnefnd samþykkir í samræmi við 13. gr skipulagslaga nr. 123/2010, að veita framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðarastrengs þegar jákvæðar umsagnir Forsætisráðuneytis og Umhverfisstofnunar liggja fyrir. Einnig telur nefndin að leita þurfi umsagnar Fiskistofu og Veiðimálastofnunar ásamt Veiði- og fiskræktarfélagi Landmannaafreittar vegna þverunar Tungnaár. Skipulagsfulltrúa er falið að gefa út framkvæmdaleyfið þegar jákvæðar umsagnir liggja fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.12 1404023 - Áfangagil, byggingarleyfi fyrir salernis og sturtuhúsi

Birgir Leó Ólafsson fyrir hönd Áfanga ehf óskar eftir leyfi til að reisa salernis- og sturtuhús í Áfangagili. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Áfangagil en í aðalskipulagi er það skilgreint sem fjallasel.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til allt að eins árs og fer um málsmeðferð skv. 2.6.1. gr. Byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.1.13 1405002 - Hesthúsvegur 10, fyrirspurn um byggingarleyfi

Kristinn Scheving leggur fram fyrirspurn um hvort heimilt sé að byggja við hesthús sitt á lóð nr. 10 við Hesthúsveg. Núverandi hús verði lengt um 2 metra til austurs.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við áform umsækjanda að því tilskildu að umrætt svæði er víkjandi skv. ákvæðum aðalskipulagsins og er því umsækjandi einn ábyrgur gagnvart því hvenær tiltekin hesthúsabygging þarf að víkja.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2 Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu 23.04.14, í tveimur liðum.

2.2.1 Tillaga að bókun vegna lántöku Héraðsnefnda vegna Byggðasafnsins í Skógum.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps samþykkja hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Héraðsnefndar Rangárvallasýslu og Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 120.000.000 í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í eignum Héraðsnefndanna. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélaganna, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu við Byggðasafnið í Skógum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Drífu Hjartardóttur 010250-2509, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárþings ytra að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt

2.3 Fundargerð stýrihóps um deiliskipulag í Landmannalaugum, 28.04.14, í fimm liðum.

2.3.1 Landmannalaugar hugmyndasamkeppni um deiliskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir

3. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til kynningar.

3.1 14. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 28.04.14, í tveimur liðum.

Til kynningar

3.2 Fundur í fagráði Sérdeildar Suðurlands(Setrinu), 22.04.14, í tveimur liðum.

Til kynningar

3.3 Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu bs. 29.04.14, í sex liðum.

Til kynningar

3.3.1 Skýrsla stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu bs.fyrir árið 2013.

Til kynningar

3.4 Fundur í rekstrarstjórn Laugaland, 28.04.14, í þremur liðum.

Til kynningar

3.5 30. fundur í stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. 05.05.14, í þremur liðum.

Til kynningar

4. Ársreikningar samstarfsverkefna 2013.

4.1 Leikskólinn á Laugalandi 2013.

Heildarrekstrarkostnaður á árinu nam 44.022.689 mkr., Þar af framlag Rangárþings ytra 27.639.468 mkr. Eignir samtals í árslok 2013 námu 4.418.804 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Leikskólans á Laugalandi fyrir árið 2013 fyrir sitt leyti.

4.2 Menningarmiðstöðin á Laugalandi 2013.

Heildarrekstrarkostnaður á árinu nam 160.968.746 mkr., Þar af framlag Rangárþings ytra 105.343.069 mkr. Eignir samtals í árslok 2013 námu 8.179.578 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Mennignarmiðstöðvar á Laugalandi fyrir árið 2013 fyrir sitt leyti.

4.3 Ársreikningur MML Leiguíbúðir 2013.

Rekstrartekjur á árinu námu 2.469.737 mkr., Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 1.485.954. Eignir samtals í árslok 2013 námu 4.860.995 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Leiguíbúða á Laugalandi fyrir árið 2013 fyrir sitt leyti.

4.4 Ársreikningur MML Eignasjóður 2013.

Rekstrartekjur á árinu námu 62.382.450 mkr., Rekstrarniðurstaða var jákvæð 19.945.328 mkr. Eigið fé í árslok 2013 var 58.941.446 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Eignasjóðs Laugalandsskóla fyrir árið 2013 fyrir sitt leyti.

4.5 Ársreikningur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps 2013.

Rekstrarhagnaður á árinu var 8.733.046. Eigið fé í árslok 2013 nam 116.213.702.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahepps fyrir árið 2013 fyrir sitt leyti.

4.6 Ársreikningur Suðurlandsvegur 1-3 ehf 2013.

Til kynningar

5. Ársreikningur Rangárþings ytra 2013, síðari umræða.

Ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2013 var staðfestur af hreppsráði 14. apríl 2014 og lagður fyrir sveitarstjórn. Hann var tekinn til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar þriðjudaginn 15. apríl 2014 og var vísað til seinni umræðu. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikning sveitarfélags á tveimur fundum í sveitarstjórn.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársteikninga fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekin ársreikning fyrir alla starfsemi þess það er A og B hluta sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í A hluta er öll starfsemi sem að hluta, eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta eru Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Húsakynni bs. og Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikning Rangárþings ytra fyrir árið 2013

6. Tillaga að samþykkt um stjórn Rangárþings ytra eftir yfirferð hjá innanríkisráðuneytinu.

Sveitarstjórn samþykkir

7. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga Svæðalýsingar fuglaskoðunarsvæða innan sveitarfélagsins til kynningar:

- 7.1 Upplýsingar um verkefnið, staða og næstu skref.
- 7.2 Svæðalýsingar Oddaflóð Rangárþing ytra.
- 7.3 Svæðalýsingar Veiðivötn Rangárþing ytra.
- 7.4 Svæðalýsingar Vötn og tjarnir í Holtum Rangárþingi ytra
- 7.5 Svæðalýsingar Þjórárver Skeiða og Gnúpverjahrppi og Rangárþingi ytra.
- 7.6 Svæðalýsingar Þykkvibær Rangárþingi ytra og Ásahrepp.

Til kynningar

8. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

- 8.1 Aðalfundur Landskerfis bókasafna verður haldinn 13.05.14.

- 8.1.1 Samþykktir fyrir Landskerfi bókasafna hf.

Til kynningar

- 8.1.2 Ársreikningur Landskerfi bókasafna hf.

Til kynningar

- 8.2 Handverkshúsið Hekla, 28.04.14, beiðni um styrk.

Sveitarstjórn

- 8.3 Samband sunnlenskra sveitarfélaga, 05.05.14, beiðni um þátttöku í verkefninu Hjólreiðamennska á Suðurlandi.

Sveitarstjórn

- 8.4 Muhammad Azfar Karim, 05.05.14, beiðni um afnot af eldhúsi í íþróttahúsinu Þykkvabæ.

Sveitarstjórn

9. Landsmót hestamanna 2014 á Hellu.

- 9.1 Rangárbakkar, 25.04.14, ósk um tilnefingu fulltrúa í nefnd vegna Landsmóts Hestamanna 2014.
9.2 Flugbjörgunarsveitin á Hellu, afrit af bréfi sem sent var til stjórnar Landsmóts ehf. 31.03.14
9.3 Guðfinna Þorvaldsdóttir, 04.05.14, beiðni til sveitarstjóra að leita eftir skriflegum rökum frá LM hvers vegna ekki var samið við heimamenn.
9.4 Erindi sveitarstjóra til LM 04.05.14, ósk um skrifleg rök.
9.5 LM 2014 05.05.14, afrit af bréfi til formanns Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu.

Sveitarstjórn

9. Umboð til hreppsráðs til þess að yfirfara og samþykkja kjörskrá vegna kosninga til sveitarstjórna 2014.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita hreppsráði umboð til að yfirfara og samþykkja kjörskrá vegna kosninga til sveitarstjórna 2014.

10. Tillaga um framlag vegna árána 2010 - 2014 til lista sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn Rangárbings ytra á yfirstandandi kjörtímabili, sbr. ákvæði 5. gr. l. nr. 162/2006.

Á fjárhagsáætlun 2014 eru kr. 1.600.000 ætlaðar í útgáfustyrki til framboða. Þessi upphæð var rædd á vinnufundum hreppsráðs í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Listarnir sem nú sitja í sveitarstjórn eiga eftir að fá styrk fyrir yfirstandandi kjörtímabil sem lýkur 31. maí 2014. 1.400.000 rennur til Á- og D-lista vegna þessa tímabils í hlutfalli við atkvæðamagn.

Kr. 200.000 standa eftir af áætlun þessa liðs sem hægt er að ráðstafa ef fram koma ný framboð sem gæti þurft að veita styrk að kosningum loknum.

Upphæðin skiptist þá svona milli listanna.

	Fjöldi atkvæða 2010	Hlutfall	Styrkur
Á-listi	494	57,85%	809.836
D-listi	360	42,15%	590.164
Samtals	854	100,00%	1.400.000

Tillagan samþykkt samhljóða.

11. Lánasjóður sveitarfélaga

Sveitarstjórn Rangárbings ytra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 60.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna afborganir lána sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Drífu Hjartardóttur 010250-2509, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárbings ytra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

12. Annað efni til kynningar:

- 12.1 Orlof Húsmæðra 22.04.14, ársreikningur og skýrsla fyrir árið 2013.

Til kynningar

13. Starfsmannamálefni, fært í trúnaðarmálabók.

Fundargerð yfirfarin og undirrituð.
Fundí slitið kl.



Hreppsnefnd Rangárbæings ytra

Fundargerð

62. fundur hreppsnefndar Rangárbæings ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, verður haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 12. júní 2014, kl. 15.00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri leggur til að við bættist nýr liður sem verði nr. 12 sem er bókun vegna lántöku Héraðsnefndar Rangæinga vegna þátttöku í Reiðhöllinni á Gaddstaðaflofum.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri og oddviti; stutt yfirlit yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 45. fundur hreppsráðs 21.05.14, í 11 liðum.

Fundargerðin er staðfest samhljóða.

2. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar:

2.1 15. fundur félagsmálanefndar 26.05.14, í tveimur liðum.

2.1.1 fylgiskjal frá félagsmálastjóra.

Félagsmálanefnd óskar eftir því við sveitarfélög byggðarsamlagsins að einstaklingar sem sinna liðveislu fái greitt eins og starfsmenn sem sinna persónulegri ráðgjöf í barnavernd.

Þessi ósk er samþykkt samhljóða.

Fundargerðin er staðfest samhljóða.

2.2 70. fundur skipulagsnefndar, 05.06.14, í 17 liðum.

2.2.1 1403024 - Uxahryggur I, landskipti

Afkomendur Magnúsar Guðmundssonar, eiganda jarðarinnar Uxahryggjar I, landnr. 164561 hafa óskað eftir að fá að skipta jörðinni í spildur og lóðir. Jörðin Uxahryggur I (164561) GPS mæld, hnitsett og stærðarmæld. 324,84 ha. (298.76 ha. sunnan þjóðveggar, 26.08 norðan vegar 18.26 7,82).

Þremur nýjum spildum og 5 lóðum skipt úr jörðinni þannig; "Uxahryggur" landnr. 222417 verður 112.58 ha. "Uxahryggur 1a" landnr. 222418 verður 74.67 ha., "Uxahryggur 1b" landnr. 222419 verður 47.85 ha.

Nýju lóðirnar 5 norðan þjóðveggar verða: "Uxahryggur lóð 2" = 4.50 ha. landnr. 222420, "Uxahryggur 1 lóð 1" = 3.08 ha. landnr. 222421, "Uxahryggur 1a lóð 1" = 6.11 ha., landnr. 222422, "Uxahryggur 1b lóð 1" = 4.57 ha. landnr. 222423, og Uxahryggur 1 lóð 2 = 7.82 ha. landnr. 222424.

Nafnabreyting: Lóðin "Uxahryggur 1 lóð" (219337) er 2.22 ha. fær nýtt heiti: "Uxahryggur lóð 1" (219337).

Stærð Uxahryggjar I (164561) eftir skipti verður 63.66 ha.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.2 1405021 - Kambur lóð 6, landskipti

Þórdís Ingólfsdóttir óskar eftir að skipta út lóð úr landi sínu, Kambi, landnr. 165098, við Gíslholtsvatn. Ný lóð mun fá nafnið Kambur lóð 6 og verður 15.252 m² að stærð með landnr. 222385.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.3 1405027 - Austvaðsholt I, landskipti

Helgi og Jón Gunnar Benediktssynir óska eftir að fá að skipta landi sínu til helminga úr landi Austvaðsholts I, landnr. 164963. Fyrir liggur dómur Hérðasdóms Suðurlands nr. E-156/2009 frá 9.12.2009 um landamerki og er uppdráttur gerður í samræmi við þann dóm, eins og segir í greinargerð skiptagerðar.

Austvaðsholt I er skipt í 2 jafna hluta auk einnar minni lóðar fyrir útihús.

Stærð Austvaðsholts Ib, landnr. 164963 verður eftir skiptin 176,5 ha og þar af eru um 41 ha ræktað land.

Stærð Austvaðsholts Ic, landnr. 164965 verður eftir skiptin 176,5 ha og þar af eru um 47 ha ræktað land.

Afmörkuð er 0,37 ha lóð fyrir útihús við aðkomuveg að Austvaðsholti Ib. Á lóðinni er hesthús sem færast yfir á Austvaðsholt Ib, 164963. Ný lóð fær landnr. XXXXXX og verður í óskiptri sameign beggja jarðanna.

Skipulagsnefnd vísar erindinu frá þar sem ekki liggja fyrir skýr gögn um landamerki.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.4 1305023 - Haukadalur 219699, vatnsból sett inná aðalskipulag.

Torfi Kristjánsson fyrir hönd landeigenda óskar eftir því að vatnsveita verði sett inná skipulag. Starfsleyfi hefur verið veitt á vatnsveituna þar sem fyrirhugað er að eigandi Svínhaga muni nýta sér hana. Sveitastjórn samþykkti að hefja gerð breytinga á aðalskipulagi með fyrirvara um að enginn ágreiningur yrði um staðsetningu vatnsbólans. Lýsing hefur verið kynnt og bærust athugasemdir frá JP-lögmönnum fyrir hönd landeiganda.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu erindins þar sem ljóst er af fyrirbyggjandi gögnum að ágreiningur er á milli landeigenda á viðkomandi svæði.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.5 1401006 - Kot, Jónskot, breyting á aðalskipulagi

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun svæðis í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breytingu á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði fyrir Jónskot úr landi Kots. Lýsing hefur verið kynnt ásamt fyrirbyggjandi tillögu og bærust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.6 1311031 - Rangárþing ytra, breytingar á aðalskipulagi fyrir Rangárflatar á Hellu

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun svæðis í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangárflatar á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs. Lýsing hefur verið kynnt ásamt fyrirbyggjandi tillögu og bærust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.7 1310043 - Hallstún, austan Landvegjar. Breyting á aðalskipulagi.

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun svæðis í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breytingu á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði í Melbæ úr landi Hallstúns ásamt breytingu á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á spildu úr landi Hallstúns austan Landvegjar. Lýsing hefur verið kynnt ásamt fyrirleggjandi tillögu og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirleggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.8 1404007 - Fögruvellir, breyting á aðalskipulagi

Ólöf Rún Tryggvadóttir óskar eftir því að gerð verði breyting á landnotkun á hluta af jörð sinni í aðalskipulagi Rangárþings ytra. Jörðin nefnist Fögruvellir og er um 32 ha. úr landi Stóru-Valla. Lögbyli er skráð á jörðina. Breyting verði úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði. Áform umsækjanda eru að fytja lögheimili sitt á jörðina á næstu árum. Erindi umsækjanda var frestað á síðasta fundi vegna ónógra upplýsinga.

Skipulagsnefnd samþykkir að gera breytingar á landnotkun á tilteknu svæði úr landi Stóru-Valla með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda innan svæðisins.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.9 1402066 - Meiri-Tunga 3, deiliskipulag

Ketill Gíslason hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja svæði úr landi sínu, meiri-Tungu 3. Deiliskipulagið tekur til nýrrar íbúðarhúsalóðar, þriggja lóða fyrir útihús og þriggja lóða fyrir frístundahús. Tillagan var auglýst frá 10.3.2014 til 24.4.2014. Athugasemd barst frá Vegagerð ríkisins um að afleggja þurfi núverandi aðkomuslóða frá Landvegi að efra svæðinu. Einnig barst ábending frá Minjastofnun um aðkomu að uppgreiftri þegar áformaðar byggingar verði reistar. Athugasemd barst frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um að sýna þurfi staðsetningu rotþróa og siturlagna. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við uppröðun mannvirkja á landbúnaðarsvæði á efra svæðinu og telur heppilegra að röðun verði í þyrpingum frekar en að raða húsunum í röð meðfram þjóðvegi. Ekki bárust aðrar athugasemdir.

Skipulagsnefnd telur að búið sé að koma til móts við athugasemdir á nýjum uppdraetti. Lagfæringar eru það veigalittar að ekki er talin þörf á að hefja ferli að nýju. Því leggur skipulagsnefnd til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til endanlegrar meðferðar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.10 1306067 - Dynskálar 28-36, breyting á byggingareitum, deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi við Dynskála. Byggingareitir færðir til suðurs til jafns við aðra reiti vestan Langasands. Fjarlægð frá miðju Suðurlandsvegjar er því 19 metrar. Samþykktir hafa borist frá lóðarhöfum í kring. Samþykki Vegagerðar liggur einnig fyrir skv. tölvupósti frá 14.5.2014.

Skipulagsnefnd leggur til að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagi þar sem byggingarreitir við Dynskála meðfram Suðurlandsvegi verði færðir sunnar til jafns við aðra reiti vestan Langasands. Jafnframt verði settar fram tillögur til lóðarhafa um samræmdan frágang við lóðamörk meðfram Suðurlandsvegi.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.11 1405024 - Öldur II, deiliskipulag

Rangárþing ytra hefur samþykkt að hefja ferli við deiliskipulag í þéttbyli sem ber nafnið Öldur II. Deiliskipulag fyrir Öldur II öðlaðist ekki gildistöku í fyrra ferli og því þarf að hefja ferli uppá nýtt. Áður gerðar breytingar sem gerðar hafa verið á svæðinu verða því teknar inn í nýju skipulagi. Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Öldur II.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.12 1301010 - Rangárflatir 4, breyting á deiliskipulagi

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á aðskipulagi vegna landnotkunar við Rangárflatir 4. Samhliða breytingunni er lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir umrætt svæði. Deiliskipulagið tekur til stækkunar á verslunar- og þjónustulóð undir hótél Stracta. Gildandi deiliskipulag er dagsett 26.11.2012.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.13 1305012 - Landsvirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar. Beiðni um umsögn

Með tölvupósti dags. 21. janúar 2014 var lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW send til umsagnar Vegagerðar ríkisins, Rangárþings Ytra, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Landsnets auk Skipulagsstofnunar. Nú hefur verið unnin tillaga að aðalskipulagsbreytingu og er hún nú til kynningar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er hér jafnframt send til umsagnar.

Skipulagsnefnd telur að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda sveitastjórnar síðan 3.6.2013 og fer fram á viðræður við Landsvirkjun um mögulegar mótvægisáðgerðir áður en skipulagstillaga verður fullgerð.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.14 1405022 - Fagurhóll, deiliskipulag

Bjarnleifur Bjarnleifsson og Lilja Gunnarsdóttir óska heimildar sveitastjórnar til að deiliskipuleggja land sitt, Fagurhól úr landi Snjallsteinshöfða. Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd veitir umsækjanda heimild til að leggja fram tillögu að deiliskipulagi. Skipulagsnefnd samþykkir jafnframt framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.15 1405013 - Árbakki, óveruleg breyting á deiliskipulagi

Hinrik Bragason og Hulda Gústafsdóttir óska heimildar til að gera smávægilegar breytingar á gildandi deiliskipulagi fyrir Árbakka, samþ. 14.9.2006. Breytingin fellst í því að fyrirhuguð reiðhöll færast til innan lóðar.

Skipulagsnefnd veitir umsækjanda heimild til að leggja fram tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi. Skipulagsnefnd telur að um óverulega breytingu sé að ræða þar sem einungis sé verið að færa til byggingar innan lóðar. Því færi um málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. þar sem tiltekin breyting hefur ekki áhrif á aðra en umsækjanda.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.16 1406006 - Lýtingur, breyting á deiliskipulagi

Hörður Kristjánsson óskar eftir heimild sveitastjórnar til mega breyta gildandi deiliskipulagi á lóð sinni, Lýtingi landnr. 165243. Gildandi deiliskipulag er síðan 26.5.2011. Breytingin felur í sér að svæðið er stækkað um 1,1 ha og skiptist sú viðbót á milli lóða nr. F4 og F5. Lóðamörk verða færð í girðingu umhverfis svæðið og breytast því lóðamörk lítillaga við það. Byggingarskilmálum er einnig breytt lítillaga. Lögð er fram tillaga að breytingunni.

Skipulagsnefnd veitir umsækjanda heimild til að leggja fram tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi. Skipulagsnefnd telur að um óverulega breytingu sé að ræða þar sem einungis er um stækkun svæðis að ræða og skilmálar haldast að langmestu leyti óbreyttir frá fyrra deiliskipulagi. Því færi um málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. þar sem tiltekin breyting hefur ekki áhrif á aðra en umsækjanda.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

2.2.17 1401025 - Landsvirkjun, Vindlundur á Þjórsár-, Tungnaár-svæðinu

Landsvirkjun hefur lagt fram drög að tillögu að matsáætlun vegna uppbyggingar á allt að 200 MW vindlundar við austanvert Búrfell. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Frestur til að gera athugasemdir er til 13. júní 2014.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu á tillögunni og fer fram á ítarlegar viðræður við Landsvirkjun og kynningu á framangreindum áformum.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

3. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórnna til kynningar.

3.1 25. fundur stjórnar Lundar, 22.05.14, í þremur liðum.

Til kynningar

3.2 36. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs, 19.05.14, í fjórum liðum

Til kynningar

3.3 816. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 16.05.14, í 41 lið.

Til kynningar

3.4 Fundargerð aðalfundar Strandarvallar ehf. 18.05.14, í níu liðum.

Til kynningar

4. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

4.1 aðalfundur Veiðifélags Eystri Rangár, 12.06.14.

Til kynningar

5. Þjónustusamningur um Sérdeild, Setrið í Sunnulækjarskóla, 20.05.14

5.1 starfsreglur sérdeildar.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að undirrita þjónustusamninginn.

6. Erindi frá Jóni Ágúst Reynissyni frá 04.07.11, vegna lands undir götu í Seláshverfi í Holtum.

6.1 Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn hafnar umsóknin með 6 atkv. einn situr hjá (GP).

7. Annað efni til kynningar:

7.1 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2. 06.14, hefur veitt Rangárþingi ytra styrki vegna framkvæmda við göngustíg milli Ægisíðufoss og Árbæjarfoss, gerð útsýnispalls við Ægisíðufoss, skiltagerðar á Friðlandi að fjallabaki, aðgengi að Fossabrekku og Þjófafossi, samtals að fjárhæð 13.2 mkr.

Til kynningar

7.2 Ásahreppur, 29.05.14, bókun um skýrslu Sprengisandur - vegir háspennulínur og virkjanir, umsögn um skýrslu dags. 6. nóv. 2013.

Til kynningar

7.3 Reykjarvíkurborg, 27.05.14. Handbók um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.

Til kynningar

7.4 Innanríkisráðuneytið, 28.05.14, tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms.

Til kynningar.

7.5 Svar sveitarstjóra við erindi innanríkisráðuneytisins 28.04.14. Tilvísun IRR14020220/18.11.5

Til kynningar.

- 7.6 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða 26.05.14, styrkur veittur kr. 10.000.000.- til að halda samkeppni um hönnun og skipulag fyrir Landmannalaugar. Markmið styrkveitingar er að vernda viðkvæmt svæði og bæta öryggi ferðamanna með skilgreindu skipulagi og stígakerfi.

Til kynningar

- 7.7 Samband íslenskra sveitarfélaga, Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2014

Til kynningar

- 7.8 Mennta- og menningarráðuneytið, skýrsla um úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum 2013.

Til kynningar

8. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, 05.06.14. Beiðni um umsögn vegna tækifærisleyfa á Landsmóti hestamanna 2014.
8.1 Hamborgarabúlla Tómasar og Grillhúsið ehf. sækja um leyfi til að selja veitingar á LM 2014 frá 29.06.14 - 06.07.14 2014.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfa fyrir veitingasölu á Landsmóti hestamanna 2014.

Samþykkt samhljóða.

9. Velferðarráðuneytið- drög að samningi um viðbyggingu við Lund Hjúkrunar - og dvalarheimilið á Hellu.

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til viðtakandi sveitarstjórnar.

10. Tillaga að samþykkt um stjórn Rangárþings ytra, siðari umræða.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til viðtakandi sveitarstjórnar til lokaafgreiðslu.

11. Trúnaðarmál- Leiðrétting fasteignagjalda eftir bruna - fært í trúnaðarbók.
Fundu lokað kl. 16.00 og fundur hófst aftur kl. 16.15.

12. Tillaga að bókun vegna lántöku Héraðsnefndar vegna þátttöku í Reiðhöllinni á Gaddstaðafliötum.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir ábyrgð sína á láni sem nemur 40.000.000 kr., en ábyrgðaraðilar eru einnig Rangárþing eystra og Ásahreppur. Afborgun lánsins greiðist af tekjum héraðsnefndar vegna útleigu á landi í eigu Héraðsnefndar Rangæinga í Stórólfsvelli. Með þessu eignast Héraðsnefnd Rangæinga 51% í húsinu. Nú þegar hafa safnast 15.000.000 kr., hjá einkaaðilum og mun hlutur þeirra leggjast við hlut þeirra sem fyrir eiga í húsinu.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn þakkar íbúum, starfsfólki sveitarfélagsins og samstarfsaðilum fyrir samstarfið á kjörtímabilinu 2010 - 2014 og óskar viðtakandi sveitarstjórn velfarnaðar í starfi.

Fundargerð yfirfarin og staðfest.

Fundi slitið kl. 16.20